

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2011/EES/33/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 341/09/COL frá 23. júlí 2009 um tilkynnt kerfi skattahagræðis fyrir ákveðin samvinnufélög (Noregur)	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2011/EES/33/02		Skipan EFTA-dómstólsins.	23
2011/EES/33/03		Dómur dómstólsins frá 17. desember 2010 í máli E-11/10 Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein	23
2011/EES/33/04		Beiðni Statens helsepersonellnemnd dagsett 25. janúar 2011 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í kæramáli A (Mál E-1/11)	22
2011/EES/33/05		Beiðni Verwaltungsgerichtshof des Fürstentums Liechtenstein dagsett 14. febrúar 2011 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Arnulf Clauder (Mál E-4/11)	22
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2011/EES/33/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6206 – Iberdrola/Caja Rural de Navarra/Renovables de la Ribera) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	23
2011/EES/33/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6229 – PAG/Mitsui/AMT JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	24
2011/EES/33/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6247 – KKR/Versatel) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	25
2011/EES/33/09		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6277 – Access Industries/Warner Music Group) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	26

2011/EES/33/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6279 – Toshiba/Landis+Gyr) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . .	27
2011/EES/33/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6282 – ERG/Lukoil/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	28
2011/EES/33/12	Auglýst eftir tillögum – EACEA/17/11 – Áætlunin „Virk æska“ – Stuðningskerfi fyrir ungmenni – Undiraðgerð 4.3 – Að bæta námsferðir umsjónarmanna æskulýðsstarfs og stuðningur æskulýðsstarfs við atvinnulaus ungmenni	29
2011/EES/33/13	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi	30

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2011/EES/33/01

341/09/COL

frá 23. júlí 2009

um tilkynnt kerfi skattahagræðis fyrir ákveðin samvinnufélög

(Noregur)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN ⁽¹⁾,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum ákvæða 24. gr.,

með vísan til 2. mgr. 1. gr. í I. hluta og 4. mgr. 4. gr., 6. gr. og 5. mgr. 7. gr. í II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól ⁽⁴⁾,

með vísan til leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins ⁽⁵⁾, einkum ákvæða kaflans um skattlagningu fyrirtækja,

með vísan til ákvörðunar 195/04/COL frá 14. júlí 2004 um framkvæmdarákvæði sem um getur í 27. gr. í II. hluta bókar 3 ⁽⁶⁾,

með vísan til ákvörðunar 719/07/COL frá 19. desember 2007 um að hefja rannsókn sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. í I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að því er varðar tilkynnt kerfi skattahagræðis fyrir samvinnufélög,

eftir að hafa beint því til hagsmunaaðila að þeir legðu fram athugasemdir ⁽⁷⁾ og með hliðsjón af athugasemdum sem borist hafa

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1. Málsmeðferð

Stjórnvöld í Noregi tilkynntu, með bréfi norska stjórnslu- og umbótaráðuneytisins, dagsettu 28. júní 2007, sem barst Eftirlitsstofnun EFTA og var skráð hjá henni hinn 29. júní 2007 (mál nr. 427327) og bréfi fjármálaráðuneytisins, dagsettu 22. júní 2007, sem barst Eftirlitsstofnun EFTA

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslenska textanum.]

⁽²⁾ Nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ Nefnist „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ Nefnist „bókun 3“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁵⁾ Leiðbeinandi reglur um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru 3. september 1994 í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* L 231 og EES-viðbæti nr. 32. Þær nefnast „Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁶⁾ Ákvörðun 195/04/COL frá 14. júlí 2004, sem var birt í Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, og í EES-viðbæti nr. 26 sama dag, bls. 1, með áorðnum breytingum. Dagrætt gerð Leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð er birt á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/>.

⁽⁷⁾ Birt í Stjtið. ESB C 96, 17.4.2008, bls. 27, og EES-viðbæti nr. 20 sama dag, bls. 44.

og var skráð hjá henni hinn 4. júlí 2007 (mál nr. 428135), fyrirhugaðar breytingar á reglum um skattlagningu samvinnufélaga í grein 10-50 í skattalögunum, í samræmi við ákvæði 3. mgr. 1. gr. í I. hluta bókarinnar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Í kjölfar nokkurra bréfaskipta ⁽⁸⁾, tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum í Noregi, með bréfi dagsettu 19. desember 2007, að hún hefði ákveðið að hefja rannsókn sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. í I. hluta bókarinnar 3 að því er varðar tilkynnt kerfi skattahagræðis fyrir ákveðin samvinnufélög. Í bréfi dagsettu 20. febrúar 2008 (mál nr. 465882), lögðu stjórnvöld í Noregi fram athugasemdir við ákvörðun 719/07COL um að hefja formlega rannsókn.

Ákvörðun 719/07/COL var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau ⁽⁹⁾. Eftirlitsstofnunin leitaði eftir athugasemdum hagsmunaaðila um efni ákvörðunarinnar.

Eftirlitsstofnuninni bárust umsagnir frá nokkrum hagsmunaaðilum ⁽¹⁰⁾. Með bréfi dags. 23. maí 2008 (skjal nr. 478026) framsendi Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum í Noregi þessar athugasemdir og bauð þeim að svara en þau ákváðu að senda ekki fleiri athugasemdir.

2. Lýsing á fyrirhugaðri ráðstöfun

2.1 Aðdragandi

Stjórnvöld í Noregi tóku upp kerfi sérstaks skattafrádráttar fyrir ákveðin samvinnufélög á árinu 1992. Samkvæmt kerfinu öðluðust ákveðin samvinnufélög á sviði landbúnaðar, skógræktar og sjávarútvegs, svo og samvinnufélög neytenda, rétt til að draga frá skattstofni fé sem notað er til eiginfjárukningar. Kerfið tók ekki til annarra tegunda samvinnufélaga. Frádrátturinn takmarkaðist við 15% af árlegum hagnaði og reiknast einvörðungu af þeim hluta hagnaðar sem myndast vegna viðskipta við félagsmenn í samvinnufélaginu. Frádráttur sem svarar til leyfilegs hámarks hefði í för með sér lækkun frá venjulegum tekjuskatti fyrirtækja, sem er 28%, í 23,8%. Markmið kerfisins var að færa samvinnufélagunum skattalegt hagræði á þeim forsendum að samvinnufélög ættu erfiðara um vik að nálgast fjármuni til eflingar eigin fjár en önnur fyrirtæki ⁽¹¹⁾.

Kerfið var afnumið frá og með skattárinu 2005. Stjórnvöld í Noregi lögðu hins vegar til að kerfið yrði tekið upp að nýju í tengslum við fjárlög ríkisins fyrir árið 2007, með örlítið breyttu sniði ⁽¹²⁾. Kerfið var því tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA.

2.2 Markmið aðstoðarkerfisins

Samkvæmt tilkynningunni verður að styðja við samvinnufélög vegna þeirra almannahagsmuna sem felast í því að viðhalda fyrirtækjum sem byggja á meginreglum á borð við lýðræði, sjálfshjálpar, ábyrgð, jafnrétti, sannsýni og samstöðu sem valkost við hlutafélög. Til að tryggja þá óáþreifanlegu almannahagsmuni sem felast í því að viðhalda samvinnufélagum sem valkosti við hlutafélög, sé því nauðsynlegt að bæta samvinnufélagum upp það óhagræði sem þau verða fyrir í samanburði við önnur félög. Markmið hins tilkynnta kerfis sé, eins og fram kemur í tilkynningunni, að vega á móti hluta þess óhagræðis sem tengist öflun eigin fjár.

2.3 Hin fyrirhugaða ráðstöfun

Mælt er fyrir um hina tilkynntu ráðstöfun í nýrri grein 10-50 í skattalögunum, en samkvæmt henni geta samvinnufélög átt rétt á skattafrádrætti. Textinn hljóðar svo:

⁽⁸⁾ Um nánari upplýsingar um bréfaskiptin milli Eftirlitsstofnunar EFTA og stjórnvalda í Noregi er vísað til ákvörðunar eftirlitsstofnunarinnar um að hefja formlega rannsókn, ákvörðun 719/07COL, sem var birt í Stjtið. ESB C 96, 17.4.2008, bls. 27, og í EES-viðbæti nr. 20 sama dag, bls. 44.

⁽⁹⁾ Sjá birtingartilvisun í 8. nmgr.

⁽¹⁰⁾ Sjá undirkafla I-5 hér að neðan.

⁽¹¹⁾ Grein 12.2 í tillögu stjórnvalda í Noregi frá 29. september 2006 (*Ot.prp. nr. 1 (2006–2007) Skatte- og avgiftsopplegget 2007 – lovendringer*).

⁽¹²⁾ *Ot.prp. nr. 1 (2006–2007) Skatte- og avgiftsopplegget 2007 – lovendringer*.

„[...] veita má frádrátt vegna framlaga til sameiginlegs eigin fjár sem nemur allt að 15% af tekjum. Frádráttur er aðeins veittur vegna tekna af viðskiptum við félagsmenn. Viðskipti við félagsmenn og hliðstæð viðskipti verða að koma fram í bókhaldi og þau verður að staðfesta.“⁽¹³⁾

Að sögn stjórnvalda í Noregi vísar orðalagið „sameiginlegt eigið fé“ ekki til liðar á efnahagsreikningi samvinnufélaganna, heldur er það eingöngu skattalegt orðalag. Af þessu leiðir að sameiginlegt eigið fé getur falist í afdregnu eigin fé, kaupafjarmagni, sem er kaupauki félagsmanna sem haldið er eftir í samvinnufélaginu í „lögbundnum varasjóði“⁽¹⁴⁾ og í afmörkuðum fjármunum í formi kaupauka sem hefur verið færður á fjármagnsreikninga félagsmanna í samvinnufélaginu⁽¹⁵⁾.

„Hliðstæð viðskipti“ eru skilgreind í 3. mgr. greinar 10-50 í skattalögunum sem kaup sölusamtaka sjómanna af félagsmönnum í öðrum sölusamtökum sjómanna, að því tilskildu að tilteknum skilyrðum sé fullnægt, kaup samvinnufélags á sviði landbúnaðar af samsvarandi samvinnufélagi í þeim tilgangi að stýra markaðnum, svo og kaup að kröfu ríkisvalds⁽¹⁶⁾.

Fyrirhugað ákvæði leiðir til þess að skattafrádráttur er að jafnaði aðeins veittur vegna tekna af viðskiptum við félagsmenn. Því er ekki veittur frádráttur vegna tekna af viðskiptum við aðra. Eins og fram kemur í drögum að grein 10-50 í skattalögunum verður að vera unnt að ákvarða viðskipti við félagsmenn og hliðstæð viðskipti á grundvelli bókhalds samvinnufélagsins. Því er nauðsynlegt að reikningsskil vegna viðskipta við félagsmenn og viðskipta við þriðju aðila séu aðskilin. Samvinnufélagið verður að geta staðfest viðskipti við félagsmenn og hliðstæð viðskipti.

Í tilkynningunni áætluðu stjórnvöld í Noregi að vegna kerfisins myndu þau verða af skatttekjum á bilinu 35 til 40 milljónir NOK (um það bil 4 til 5 milljónir EUR) á reikningsárinu 2007.

2.4 Aðstoðarþegar

Aðstoðarkerfið mun gilda um samvinnufélög sem tilgreind eru í 2. mgr. og 4. til 6. mgr. fyrirhugaðrar greinar 10-50 í skattalögunum. Af þessum ákvæðum leiðir að hið tilkynnta kerfi tekur einkum til ákveðinna samvinnufélaga neytenda og samvinnufélaga á sviði landbúnaðar, skógræktar og sjávarútvegs.

Þegar samvinnufélög neytenda eru annars vegar, leiðir það af stafl. a) í 2. mgr. í fyrirhugaðri grein 10-50 í skattalögunum, að einvörðungu samvinnufélög neytenda þar sem meira en 50% veltu eru til komin vegna viðskipta við félagsmenn muni njóta ávinnings af hinu tilkynnta kerfi.

Enn fremur geta byggingarsamvinnufélög, sem lögin um byggingarsamvinnufélög taka til,⁽¹⁷⁾ einnig notið góðs af skattafrádrættinum. Þetta felur í sér framlengingu kerfisins samanborið við það sem var í gildi til ársins 2005, sbr. lið I-2.1 hér að framan.

Kerfið mun ekki taka til annarra samvinnufélaga en þeirra sem getið er sérstaklega í grein 10-50 í skattalögunum. Að sögn stjórnvalda í Noregi byggir val á styrkhæfum samvinnufélögum á þeirri forsendu að mikil þörf sé fyrir að bæta upp kostnaðarauka í þeim atvinnugreinum sem hið tilkynnta kerfi tekur til. Samvinnufélög í atvinnugreinum sem kerfið mun ekki taka til eru, að sögn stjórnvalda í Noregi, að jafnaði smærri fyrirtæki með takmarkaða atvinnustarfsemi eða takmarkaða starfsemi af öðru tagi.

⁽¹³⁾ Íslensk þýðing með hliðsjón af óopinberri þýðingu Eftirlitsstofnunar EFTA á ensku. Upphaflegur norskur texti hljóðar svo: „[...] I tillegg kan det gis fradrag for avsetning til felleseid andelskapital med inntil 15 prosent av inntekten. Fradrag gis bare i inntekt av omsetning med medlemmene. Omsetning med medlemmene og likestilt omsetning må fremgå av regnskapet og kunne legitimeres.“

⁽¹⁴⁾ Sjá 28. gr. laga um samvinnufélög.

⁽¹⁵⁾ Sjá 29. gr. laga um samvinnufélög.

⁽¹⁶⁾ Stjórnvöld í Noregi hafa lýst yfir að þetta ákvæði eigi aðeins við um samvinnufélög sem stunda starfsemi sem fellur utan gildissviðs EES-samningsins, sjá bréf stjórnvalda í Noregi frá 6. júlí 2009 (skjal nr. 523765), bls. 3. Á grundvelli þessa mun Eftirlitsstofnun EFTA ekki fara út í greiningu á hugtakinu „hliðstæð viðskipti“.

⁽¹⁷⁾ Lov 6. juni 2003 No 38 Lov om bustadbyggjelag (bustadbyggjelagslova).

2.5 *Skilgreiningar á samvinnufélögum í norskum lögum*

Samvinnufélag er skilgreint í 2. mgr. 1 gr. laganna um samvinnufélög ⁽¹⁸⁾ sem fyrirtæki

„sem hefur það helsta markmið að efla efnahagslega hagsmuni félagsmanna sinna með því að þeir taki þátt í félaginu sem kaupendur, birgjar eða á annan sambærilegan hátt, þegar

1. ávöxtunin, að frátalinni eðlilegri ávöxtun eigin fjár, er annaðhvort skilin eftir í félaginu eða henni skipt milli félagsmanna á grundvelli hlutar þeirra í viðskiptum við hópinn, og
2. enginn félagsmanna er persónulega ábyrgur fyrir skuldum hópsins, annaðhvort að fullu eða fyrir hlutum sem saman mynda heildarskuldarnar.“ ⁽¹⁹⁾

Enn fremur leiðir af 2. mgr. 3. gr. laganna um samvinnufélög að félagsmönnum í samvinnufélagi er ekki skylt að leggja samvinnufélaginu til eigið fé nema félagsmaðurinn hafi fallist skriflega á það í umsókn um aðild, eða í sérstöku samkomulagi. Því aðeins er litið fram hjá þessari kröfu að kveðið sé á um það í samþykktum samvinnufélagsins að skylt sé að greiða félagsgjald. Að auki leiðir af sama ákvæði að takmarka beri sérhverja skyldu til að leggja fram eigið fé, annaðhvort við tiltekna fjárhæð eða með öðrum hætti.

2.6 *Samvinnuhreyfingin í Noregi ⁽²⁰⁾*

Í Noregi eru um það bil fjögur þúsund samvinnufélög með samtals meira en tvær milljónir félagsmanna. Samvinnufélögin starfa einkum á sviði landbúnaðar, sjávarútvegs, húsnæðismála og neytendamála, en jafnframt á öðrum sviðum efnahagslífsins, svo sem á sviði váttrygginga, flutningastarfsemi, orkuveitu, heilsugæslu, fjölmiðlunar, o.s.frv.

Í sambandi norskra samvinnufélaga á sviði landbúnaðar eru 14 samtök á landsvísu sem starfa m.a. á sviði vinnslu, sölu og innkaupa á landbúnaðarafurðum og vörum til nota við landbúnaðarframleiðslu (áburði, vélum, o.s.frv.), eldis, lánveitinga og váttrygginga. Í samvinnufélögum á sviði landbúnaðar eru meira en 50 000 einstakir félagsmenn (bændur), starfsmenn eru nálægt 19 000 og árleg velta nemur meira en 58 milljörðum NOK (u.þ.b. 6 milljörðum evra). Samvinnufélög á sviði landbúnaðar eiga nokkur þekktustu vörumerkin í Noregi, eins og TINE (mjólkurafurðir), Gilde (rautt kjöt) og Prior (egg og alifuglar). Meginmarkmið samvinnufélaga á sviði landbúnaðar er að skapa farveg fyrir vinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða, svo og hagstæð skilyrði fyrir aðgangi að fjármagni og aðföngum fyrir framleiðsluna á hverju býli.

Samkvæmt norskum lögum um óverkaðan fisk ⁽²¹⁾, hafa norsk samvinnusölufélög einkarétt á allri milliliðalausri markaðssetningu fisks og skelfisks, að eldisfiski frátöldum. Sex samvinnusölufélög starfa innan þessa geira. Rekstrarsvið hverra samtaka tengist annaðhvort landfræðilegu svæði og/ eða tegund. Samvinnusölufélög eru í eigu sjómanna sjálfra. Auk markaðsstarfsemi sinna sölufélögin einnig eftirlitshlutverki í tengslum við verndun auðlinda sjávar. Verðmæti fisks og skelfisks í milliliðalausri markaðssetningu er u.þ.b. 6 milljarðar NOK (u.þ.b. 620 milljónir evra). Niútiú af hundraði alls fisks og skelfisks eru flutt út.

Coop NKL BA eru aðalsamtök norskra samvinnufélaga neytenda. Coop er matvörukeðja með u.þ.b. 1,1 milljón félagsmenn í 140 samvinnufélögum. Samtökin reka meira en 1 350 verslanir, ársvelta þeirra nemur u.þ.b. 34 milljörðum NOK (u.þ.b. 3,6 milljörðum evra) og starfsmenn eru um 22 000. Markaðshlutdeild á matvörumarkaði er 24%. Coop kemur einnig að matvælavinnslu og starfar með öðrum norrænum smásölusamtökum samvinnufélaga að því er varðar innkaup og vinnslu. Meginmarkmið samvinnufélaga neytenda er að útvega félagsmönnum traustar og nýtsamar vörur og þjónustu á samkeppnishæfu verði, jafnframt því að vera hagsmunasamtök félagsmanna í neytendamálum.

⁽¹⁸⁾ Lov 29. juni 2007 No 81 Lov om samvirkeforetak (samvirke-lova).

⁽¹⁹⁾ Íslensk þýðing gerð eftir enskri þýðingu ESA af vefsetri norskrar miðstöðvar um samvinnufélög, www.samvirke.org.

⁽²⁰⁾ Upplýsingarnar í þessum undirkafla byggjast að miklu leyti á vefsetri norskrar miðstöðvar um samvinnufélög, sem veitir upplýsingar, gögn og ráðgjöf varðandi samvinnufélög og er í eigu helstu samtaka samvinnufélaga í Noregi, www.samvirke.org.

⁽²¹⁾ Lov 14. desember 1951 No 3 om omsetning av råfisk (Råfiskeloven), sjá einkum 3. gr.

Samband norskra húsnæðissamvinnufélaga er félagasamtök á landsvísu með 86 húsnæðissamvinnufélög innan sinna vébanda, 772 000 félagsmenn og 378 000 íbúðir í nærri 5 100 tengdum húsnæðissamvinnufélögum. Húsnæðissamvinnufélög eru misstór og er fjöldi félagsmanna þeirra á bilinu 100 til 190 000. Húsnæðissamvinnufélög ráða yfir verulegum hluta húsnæðismarkaðarins í borgum; í Ósló er markaðshlutdeildin nærri 40% en meðaltal á landsvísu er 15%. Meginmarkmiðin snúast um að tryggja félagsmönnum gott og viðunandi húsnæði og að vinna að góðum og traustum skilyrðum fyrir húsnæðissamvinnufélög.

2.7 *Norskar reglur um skattlagningu fyrirtækja og staðan að því er varðar samvinnufélög*

Almennur tekjuskattur fyrirtækja í Noregi er nú 28%. Skatturinn er lagður á hreinar skattskyldar tekjur rekstrareininga. Hann gildir einnig þegar tekjum er bætt við eigið fé félags. Hæstiréttur Noregs hefur hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að hlutafjárframlög séu ekki skattskyldar tekjur þess félags sem við þeim tekur ⁽²²⁾. Ástæða þess er sú að litið er svo á að framlögin hafi áður verið skattlögð sem tekjur þess sem leggur þau fram. Þannig verður fyrirtæki að greiða 28% skatt á hlutafé, sem er fjármagnað með eigin tekjum fyrirtækisins, en enginn skattur er greiddur af framlögum hluthafa eða almennings. Af þessu leiðir að hlutfélög og önnur slík fyrirtæki geta aukið eigið fé sitt með skattfrjálsum hlutafjárframlögum hluthafa eða almennings.

Samvinnufélög hafa aftur á móti ekki tók á þessu. Samkvæmt norskum lögum um samvinnufélög mega þau ekki gefa út hlutafé eða aðrar ávísanir á eigin fé. Jafnframt er litið svo á að reglan um frjálsa aðild setji því hömlur hversu hárra fjárframlaga samvinnufélög geta krafist af félögum sínum.

Í tilkynningunni kemur fram að stjórnvöld í Noregi líti svo á að þær skyldur og takmarkanir sem lagðar eru á samvinnufélög lögum samkvæmt séu nauðsynlegar og innbyggðar í meginreglur samvinnuhreyfingarinnar. Stjórnvöld í Noregi líta því svo á að með afnámi þessara takmarkana væri brotið gegn meginreglum samvinnuhreyfingarinnar. Stjórnvöld í Noregi benda á að norsk lög um samvinnufélög kunni að vera strangari að þessu leyti en löggjöf um samvinnufélög í öðrum Evrópulöndum. Því til stuðnings vísa stjórnvöld í Noregi til 64. gr. EB-reglugerðarinnar um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög ⁽²³⁾, en þar segir að samvinnufélag geti kveðið á um útgáfu verðbréfa, annarra en hluta, og að félagsmenn jafnt sem aðrir geti skráð sig fyrir þeim. Eigi að síður telja stjórnvöld í Noregi að takmarkanirnar sem eru settar á samvinnufélög í Noregi séu nauðsynlegar.

3. **Ástæður þess að stofnað var til rannsóknar**

Samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 719/07/COL var hafin formleg rannsókn á hinu tilkynnta aðstoðarkerfi. Í ákvörðuninni um að hefja rannsókn var það bráðabirgðamat eftirlitsstofnunarinnar að kerfið fæli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Í fyrsta lagi taldi stofnunin að fyrirhugað skattahagræði fyrir samvinnufélög ívilnaði þeim. Í öðru lagi taldi stofnunin að skattahagræðið fyrir samvinnufélög væri sértækt og að vafi léki á því hvort unnt væri að rökstyðja það með vísan til eðlis eða almennra reglna norska skattkerfisins. Að teknu tilliti til þess að kerfið myndi lækka fyrirtækjaskatt viðkomandi samvinnufélaga lýsti Eftirlitsstofnun EFTA efasemdum um að kerfið myndi ekki að raska eða vera til þess fallið að raska samkeppni. Loks telur eftirlitsstofnunin vafa leika á því hvort líta megi svo á að hin tilkynnta ráðstöfun sé í samræmi við undanþágur sem koma fram í 61. gr. EES-samningsins og teljist því samrýmanleg ríkisaðstoðarreglum EES-samningsins.

4. **Athugasemdir stjórnvalda í Noregi**

Stjórnvöld í Noregi halda fram að fyrirhugaður skattafrádráttur ívilni samvinnufélögum ekki. Annars vegar halda stjórnvöld í Noregi því fram að líta beri á skattafrádráttinn sem „hluta samkomulags þar sem skattkerfið innir af hendi greiðslur frá ríkinu til samvinnufélaga fyrir

⁽²²⁾ Rt. (norska lögbirtingablaðið) 1917, bls. 627, og Rt. 1927, bls. 869.

⁽²³⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1435/2003 frá 22. júlí 2003 um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög (SCE), Stjtið. ESB L 207, 18.8.2003, bls. 1.

að laga sig að núverandi lagamma um samvinnufélög⁽²⁴⁾. Ríkið stendur því vörð um samvinnufélagsformið sem valkost við hlutafélög og er lítið á það sem óefnislegan ávinning í þágu almannahagsmuna. Á hinn bóginn halda stjórnvöld í Noregi því fram að líta beri á skattafrádráttinn sem bætur vegna þess kostnaðarauka sem samvinnufélög verða fyrir sökum takmarkana á aðgangi þeirra að eigin fé, enda sé lítið á það sem kerfislegt óhagræði fyrir samvinnufélagið. Stjórnvöld í Noregi taka fram að þau geri því skóna að ráðstöfunin sem um ræðir bæti eingöngu upp og hamli gegn því grundvallaróhagræði sem samvinnufélög verða fyrir þegar kemur að aðgangi að eigin fé.

Að því er varðar bæði þessi sjónarmið, taka stjórnvöld í Noregi fram að kerfið sé í samræmi við markaðsfjárfestaregluna. Röksemdin virðist byggjast á þeirri afstöðu að aðstoðin sem er veitt samkvæmt kerfinu muni ekki vera meiri en sá kostnaðarauki sem felst í rekstri samvinnufélags eða ávinningur almennings af því að staðinn sé vörður um samvinnufélagsformið.

Stjórnvöld í Noregi halda því enn fremur fram að beiting skattaráðstöfunar komi ekki í veg fyrir að markaðsfjárfestareglan sé í heiðri höfð þar eð form aðstoðarinnar sem ríkið velur ætti ekki að skipta máli.

Af dómaframkvæmd dómstóla Evrópubandalaganna og stjórnsluframkvæmd framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna leiðir, að sú staðreynd að ráðstöfun bæti upp óhagræði sem fyrirtæki verður fyrir gefi ekki í skyn að ekki sé unnt að líta svo á að ráðstöfunin ívilni fyrirtækinu. Að mati stjórnvalda í Noregi á þessi venja ekki við í umræddu máli. Öll hlutafélög hafi tök á því að auka eigið fé sitt með því að taka við framlögum sem teljast óskattskyldar tekjur fyrir félagið. Kerfið bæti eingöngu upp óhagræðið og leiðir til þess að samvinnufélög standa jafnfætis öðrum félögum. Stjórnvöld í Noregi halda því enn fremur fram að unnt sé að aðgreina umrætt mál frá ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna í *OTE*-málinu⁽²⁵⁾ þar eð skattahagræðið og viðbótarkostnaðurinn vegna skuldbindingarinnar í umræddu máli eigi sér stað samtímis. Stjórnvöld í Noregi túlka 101. mgr. í *OTE*-málinu svo að þetta gæti skipt máli við úrskurð um hvort um ríkisaðstoð sé að ræða.

Varðandi það hvort kerfið sé sértækt, benda stjórnvöld í Noregi á að kerfið leiði til þess að samvinnufélög séu meðhöndluð eins og hluthafar hefðu fjármagnað eigið féð. Skattahagræðið geri samvinnufélagi sem nýtur þess kleift að úthluta sömu fjárhæð sem eigin fé, án þess að greiða af því skatta, eins og það hefði tekið við sambærilegri fjárhæð sem hlutafjárframlagi. Stjórnvöld í Noregi telja þar af leiðandi að hin almenna regla um eiginfjárframlög gildi um samvinnufélög.

Stjórnvöld í Noregi halda því auk þess fram að hið tilkynnta kerfi sé í samræmi við EES-reglur um ríkisaðstoð og við þær meginreglur sem koma fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um samvinnufélög⁽²⁶⁾. Stjórnvöld í Noregi vísa einkum til greinar 3.2.6 í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar þar sem segir að sérstök skattaleg meðferð samvinnufélaga kunní að vera við hæfi.

Að því er samkeppnisröskun varðar, halda stjórnvöld í Noregi því loks fram að kerfið hamli aðeins gegn röskun, sem þegar sé fyrir hendi og skaði samvinnufélagin, og því bæti kerfið sennilega skilvirkni viðkomandi markaða.

5. Athugasemdir annarra

Í kjölfar birtingar ákvörðunar 719/07/COL um að hefja formlega rannsókn að því er varðar tilkynnta aðstoð við ákveðin samvinnufélög, hefur Eftirlitsstofnun EFTA borist athugasemdir frá fjölmörgum þriðju aðilum.

⁽²⁴⁾ Bréf frá stjórnvöldum í Noregi dagsett 20. febrúar 2008 (skjal nr. 465882), bls. 2.

⁽²⁵⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna í máli C 2/2006 *OTE*.

⁽²⁶⁾ Orðsendingar frá framkvæmdastjórninni til ráðsins og Evrópuþingsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna og svæðanefndarinnar um eflingu samvinnufélaga í Evrópu COM(2004)18 frá 23. febrúar 2004, nefnd „orðsending framkvæmdastjórnarinnar um samvinnufélög“ eða „orðsending framkvæmdastjórnarinnar“ í því sem hér fer á eftir.

Athugasemdir **frönsku ríkisstjórnarinnar** vísa, í aðalatriðum, til sérstöðu samvinnufélaga og þar er lögð áhersla á að hinu tilkynnta kerfi sé aðeins ætlað að bæta samvinnufélögum upp kerfislægt óhagræði þeirra.

Cooperatives Europe kemur fram fyrir hönd samvinnufélaga um alla Evrópu, með það að markmiði að styðja við og þróa samvinnufyrirtæki. Samtökin vísa í fyrstu til sérstakra einkenna samvinnufélaga sem bandalagsyfirvöld viðurkenna. Cooperatives Europe telur að ekki eigi að bera sérstök kerfi, sem samvinnufélög njóta ávinnings af, saman við kerfi sem gilda um annars konar fyrirtæki þar eð kerfin séu rekstrarleg birtingarmynd meginreglna samvinnuhreyfingarinnar. Cooperatives Europe heldur því enn fremur fram að sérstöku skattafyrirkomulagi fyrir samvinnufélög sé hvorki ætlað né leiði það til ósanngjarnrar samkeppni, heldur sé það til þess gert að taka tillit til og bæta hlutfallslega upp þær takmarkanir sem eru innbyggðar í samvinnufélagsformið. Cooperatives Europe er þeirrar skoðunar að unnt sé að réttlæta kerfið á grundvelli jafnræðisreglunnar þar eð samvinnufélög verði fyrir tilteknu óhagræði, m.a. að því er varðar aðgang að fjármagni. Að mati Cooperatives Europe falla samvinnufélög undir sjálfstætt lagakerfi sem tekur tillit til séreinkenna þeirra. Því er haldið fram að ef sérstakt skattkerfi fyrir samvinnufélög samræmist réttarkerfi aðildarríkis, ef það er afleiðing af rekstrarmáta samvinnufélagsins, sem tengist meginreglum og gildum samvinnustefnunnar og ef það er í réttu hlutfalli við þær takmarkanir sem því eru settar af þessum rekstrarmáta samvinnufélagsins, sé ekki unnt að líta á það sem ríkisaðstoð eða hagræði, heldur sé það einfaldlega kerfi sem eigi rætur að rekja til þessa rekstrarmáta sem er frábrugðinn því sem gerist í annars konar fyrirtækjum og er rökstutt með því að allar tegundir fyrirtækja skuli fá jafna meðferð. Loks heldur Cooperatives Europe því fram að kerfið bæti upp það óhagræði sem samvinnufélög verði fyrir og viðurkennir þar með rökin að baki samvinnufélagakerfinu og rétt þess til að keppa á jafnræðisgrundvelli.

Kooperativa Förbundet, samtök samvinnufélaga neytenda í Svíþjóð, taka undir sjónarmið Cooperatives Europe.

Confcooperative – Confederazione Cooperative Italiane eru samtök ítalskra samvinnufélaga. Þau vekja athygli á markmiði samvinnufélaga um samhjálp og jafnframt komast þau að þeirri niðurstöðu að norsk löggjöf sé í samræmi við löggjöf annarra aðildarríkja sem leitast við að draga úr því óhagræði sem samvinnufélög verða fyrir, einkum að því er varðar útvegum fjármagns, og þau leggja áherslu á að allt umframfé sem félagsmenn greiða til samvinnufélagsins sé eign félagsmannsins og því ekki hægt að skattleggja það sem eign samvinnufélagsins.

Legacoop – Lega Nazionale delle Cooperative e Mutue eru samtök ítalskra samvinnufélaga í öllum atvinnugreinum. Legacoop vísa til þess að hagnaður samvinnufélaga felist í því að félagsmenn samvinnufélags afsali sér ágóðahlutdeild sinni tímabundið. Samtökin telja að kerfið sé í samræmi við einkamála- og skattalöggjöf um evrópsk samvinnufélög og að kerfið muni draga úr því óhagræði sem samvinnufélög verða fyrir að því er varðar útvegum eigin fjár.

Coop de France eru samtök franskra samvinnufélaga á sviði landbúnaðar. Samtökin vísa til lagaramma Evrópubandalaganna þar sem hið sérstaka hlutverk sem samvinnufélög gegna er viðurkennt, burtséð frá því á hvaða sviði efnahagslífsins þau starfa, og þar sem mótaðir eru þeir gerningar sem veita þeim réttaröryggi. Jafnframt halda samtökin því fram að kerfið feli ekki í sér aðstoð, heldur bæti það samvinnufélögum einfaldlega upp hið kerfislæga óhagræði sem er innbyggt í rekstrarform þeirra. Að auki er því haldið fram að aðstoðarkerfið sé í samræmi við kerfið og því sé það ekki sértækt. Þetta byggir einkum á því sjónarmiði að eigið fé samvinnufélags sé óskiptanlegt og að það sé óráðstafaður arður félagsmanna. Coop de France vísa einnig til erfiðleika samvinnufélaga við að fá aðgang að eigin fé þar sem þau geta ekki gefið út hlutabréf, til takmarkaðs fjölda hugsanlegra félagsmanna á grundvelli markmiða samvinnufélagsins og til þess að samvinnufélög geta ekki nýtt sér fjármálagerninga.

Landbruksráðet eru samtök fyrir samvinnufélög á sviði landbúnaðar í Danmörku. Samtökin halda því fram að kerfið skapi jafnræði milli mismunandi gerða fyrirtækja með því að virða eðli og meginreglur samvinnufélaga. Kerfið ívilni samvinnufélögum ekki, heldur leiðrétti kerfislægt óhagræði.

CECOP-CICOPA-Europe gætur hagsmuna samvinnufélaga á sviði iðnaðar og þjónustu. Samtökin halda því fram að ekki eigi að bera sértæk kerfi, sem samvinnufélög njóta ávinnings af, saman við kerfi sem gildi um önnur form fyrirtækja, þar eð þau byggja á meginreglum sem gildi um samvinnufélög. Samtökin segja enn fremur að þegar Eftirlitsstofnun EFTA beri saman stöðu samvinnufélaga og annarra félaga virðist sem hún sé að koma á stigskiptingu rekstrarforma þar sem litið sé á samvinnufélög sem undantekningu. Það sé ekki í samræmi við sáttmála Evrópubandalagsins eða reglugerðina um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög. Samtökin telja, með vísan til orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar um samvinnufélög, að hið tilkynnta kerfi taki tillit til og bæti hlutfallslega upp þær takmarkanir sem séu innbyggðar í samvinnufélagsformið.

General Confederation of Agricultural Co-operatives in the EU (COGECA) gætur efnahagslegra heildarhagsmuna evrópskra samvinnufélaga á sviði landbúnaðar, matvæla, skógræktar og sjávarútvegs. Samtökin vísa til grundvallarhlutverks samvinnufélaga í þessum atvinnugreinum, sem mörg aðildarríki ESB hafa viðurkennt, og til þess að í samþykktum samvinnufélaga sé kveðið á um umhyggju fyrir samfélaginu (sjálfbær þróun). Samtökin láta í ljós áhyggjur af því að einsleit skattaleg meðferð samvinnufélaga og annarra fyrirtækja geti leitt til þess að samvinnufélög taki upp annars konar rekstrarform að lögum og geri aðgang bænda að markaðnum erfiðari.

CCAE Confederación de Cooperativas Agrarias de España, samtök samvinnufélaga á sviði landbúnaðar, tekur undir sjónarmið COGECA, Coop de France og Cooperatives Europe.

Groupement National de la Coopération eru samtök samvinnuhreyfingarinnar í Frakklandi. Samtökin halda því fram að ívilnandi skattalegri meðferð samvinnufélaga í Frakklandi og öðrum Evrópulöndum sé ætlað að tryggja sanngjarna samkeppni milli samvinnufélaga og annarra fyrirtækja og að hún raski ekki samkeppni. Þau vísa til séreinkenna samvinnufélaga og undirstrika að til þess að samvinnufélög geti þrífist og dafnað þurfi þau tiltekinn laga- og skattaramma þar sem tekið sé tillit til séreinkenna þeirra og til þess við hvaða aðstæður þau stundi starfsemi sína. Þau taka undir það sjónarmið Norðmannanna að kerfið ívilni samvinnufélögum ekki og halda því fram að kerfið muni ekki raska samkeppni þar eð ekki væri unnt að láta sams konar reglur gilda um mismunandi form fyrirtækja með miskunandi einkenni. Á grundvelli þessa leggja samtökin áherslu á að aðstoðin sé ekki óhófleg.

Samvirkeutvalget er samtök norskra samvinnufélaga. Samvirkeutvalget fullyrðir í upphafi að grundvallarmunur sé á samvinnufélögum og öðrum rekstrarformum fyrirtækja, nánar tiltekið sá að sambandið milli samvinnufélags og félagsmanns sé frábrugðið sambandi milli hlutafélags og hluthafa. Það muni einnig hafa áhrif á skattaráðstafanir fyrir samvinnufélög.

Samvirkeutvalget heldur því fram, í fyrsta lagi, að ráðstöfunin feli ekki í sér ríkisaðstoð þar eð hún sé rökstudd með eðli eða uppbyggingu skattkerfisins. Í þessu tilliti, heldur Samvirkeutvalget því fram að samvinnufélög byggja upp eigið fé með því að greiða ekki ágóðahlutdeild til félagsmanna sinna. Undir venjulegum kringumstæðum verði að greiða slíkan hagnað til félagsmanna samvinnufélags þar eð hagnaðurinn sé í raun frestuð verðleiðrétting sem samvinnufélagið eigi ekki, heldur félagsmenn. Ef endurgreiðsla eigi sér stað, komi hún til frádráttar á skatti samvinnufélagsins. Ef hagnaðurinn er ekki endurgreiddur verði hann í raun eiginfjárframlag frá félagsmönnum samvinnufélagsins. Það sé því í samræmi við kerfið að hagnaðurinn skuli vera undanþeginn skatti óháð því hvort hann er settur til hliðar sem eigið fé eða greiddur út til félagsmannanna sem endurgreiðsla. Þar að auki gildi sú undirbyggjandi grunnforsenda að forðast beri að skattleggja sömu fjárhæð tvisvar. Rétt eins og fjárfestingar einkaaðila séu undanþegnar skatti hjá hlutafélagi, þar eð þær hafa þegar verið skattlagðar hjá hluthafanum, ætti eiginfjárframlag félagsmanns samvinnufélags að vera undanþegið skatti hjá samvinnufélaginu þar eð það hefur þegar verið skattlagt hjá félagsmanninum. Á grundvelli þessa telji Samvirkeutvalget að í stað þess að miða kerfið við reglur um tekjuskatt ætti lagaramminn að vera reglurnar um framlag hluthafa til eiginfjár.

Í öðru lagi heldur Samvirkeutvalget því fram að ráðstöfunin sé ekki ívilnandi þar eð hún bæti aðeins upp það kerfislæga óhagræði sem er innbyggt í rekstrarform samvinnufélaga.

Samvirkeutvalget vísar í ákvörðunina um að hefja rannsókn og segir enn fremur að ekki skipti máli hvort aðrir þættir í kerfinu um samvinnufélög í Noregi bæti upp hið kerfislega óhagræði, en að það ætti að vera lagalegur prófsteinn hvort tiltekið óhagræði sem ráðstöfuninni er ætlað að jafna sé bætt upp með öðrum ráðstöfunum.

Í þriðja lagi heldur Samvirkeutvalget því fram að ráðstöfunin sé ekki sértæk þar eð mismunandi skattaleg meðferð samvinnufélaga og annarra fyrirtækja endurspeglar mismun í félagarétti. Þar eð skattaráðstöfunin sem er til skoðunar gildir aðeins um einingar sem eru skipulagðar sem samvinnufélög, varði hún aðeins rekstrarform fyrirtækis sem stendur öllum opið. Ráðstöfunin sé því ekki sértæk.

II. MAT

1. Gildissvið ákvörðunarinnar

Eins og fram kemur í lið I-2.4 hér að framan, eru hugsanlegir aðstoðarþegar kerfisins einkum samvinnufélög á sviði landbúnaðar, sjávarútvegs og skógræktar, ákveðin samvinnufélög neytenda og byggingasamvinnufélög.

Í 8. gr. EES-samningsins er að finna skilgreiningu á gildissviði hans. Af 3. mgr. 8. gr. leiðir að:

„Ef annað er ekki tekið fram taka ákvæði samningsins einungis til:

- a) framleiðsluvara sem falla undir 25.–97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni, að frátöldum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í bókun 2,*
- b) framleiðsluvara sem tilgreindar eru í bókun 3 í samræmi við það sérstaka fyrirkomulag sem þar er greint frá.“*

Á grundvelli þessa falla landbúnaður og sjávarútvegur að miklu leyti utan gildissviðs reglna EES-samningsins um ríkisaðstoð.

Ákvörðun þessi gildir því um fyrirhugaðar skattaívilnanir fyrir samvinnufélög en hún varðar ekki samvinnufélög á sviði landbúnaðar og fiskveiða að svo miklu leyti sem starfsemi þessara samvinnufélaga fellur utan gildissviðs ríkisaðstoðarreglna EES-samningsins.

2. Er um ríkisaðstoð að ræða?

2.1 Inngangur

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

Eftirlitsstofnun EFTA minnir á að skattkerfi EFTA-ríkis, sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, fellur almennt ekki undir EES-samninginn. Hvert EFTA-ríki fyrir sig verður að móta og beita skattkerfi í samræmi við þá stefnu sem það kys. Hins vegar getur beiting skattaráðstöfunar, eins og frádráttar á tekjuskatti fyrirtækja fyrir ákveðin samvinnufélög, haft þær afleiðingar að skattaráðstöfunin falli undir gildissvið 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Af dómaframkvæmd má ráða⁽²⁷⁾, að samkvæmt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins er ekki gerður greinarmunur á afskiptum ríkisvaldsins með vísan til orsaka eða markmiða, heldur eru þau skilgreind með vísan til afleiðinga.

⁽²⁷⁾ Mál E-6/98 *Noregur gegn Eftirlitsstofnun EFTA* [1999] Ársskýrsla EFTA-dómstólsins, bls. 76, 34. mgr.; sameinuð mál E-5/04, E-6/04 og E-7/04 *Fesil og Finnjörð, PIL og aðrir og Noregur gegn Eftirlitsstofnun EFTA* [2005] Ársskýrsla EFTA-dómstólsins, bls. 121, 76. mgr.; mál 173/73 *Italia gegn framkvæmdastjórn* [1974] ECR 709, 13. mgr. og mál C-241/94 *Frakkland gegn framkvæmdastjórn* [1996] ECR I-4551, 20. mgr.

2.2 Er gengið á ríkisfjármuni?

Til þess að aðstoð teljist ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins verður að vera um að ræða stuðning frá ríkinu eða af ríkisfjármunum.

Eftirlitsstofnun EFTA vísar til þess að samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd er skilgreining á aðstoð almennari en skilgreining á styrk, þar sem hún taki ekki aðeins til jákvæðs ávinnings, eins og sjálfra styrkjanna, heldur einnig ráðstafana á vegum ríkisins, sem í ýmsum myndum dragi úr útgjöldum sem að jafnaði sé að finna í fjárhagsáætlunum fyrirtækja, og svipi því til styrkja og hafi sömu áhrif þótt þær séu ekki styrkir í orðsins fyllstu merkingu ⁽²⁸⁾.

Samkvæmt hinu tilkynnta kerfi, eiga samvinnufélögin sem getið er í grein 10-50 í skattalögunum rétt á sérstökum skattafrádrætti. Samvinnufélög þessi geta því dregið eiginfjárframlög frá tekjum sínum. Skattafrádrátturinn þýðir að skattur sem samvinnufélögum, sem falla undir kerfið, ber að greiða er lækkaður. Ráðstöfunin felur í sér að norska ríkið verður af skatttekjum, sem stjórnvöld í Noregi áætla að verði á bilinu 35 til 40 milljónir NOK (um það bil 4 til 5 milljónir EUR) á reikningsárinu 2007. Samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd telst ráðstöfun vera aðstoð frá ríkinu eða veitt af ríkisfjármunum, ef stjórnvöld veita ákveðnum fyrirtækjum undanþágu frá skatti, sem kemur þeim sem skattundanþágan gildir um í betri fjárhagsstöðu en öðrum skattgreiðendum, enda þótt ráðstöfunin feli ekki í sér tilflutning ríkisfjármuna ⁽²⁹⁾. Eftirlitsstofnun EFTA kemst þar af leiðandi að þeirri niðurstöðu að ríkisfjármunir komi við sögu í hinu tilkynnta kerfi.

2.3 Er ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara ívilnað?

2.3.1 Hversu sértæk er ráðstöfunin?

Í fyrsta lagi verður aðstoðarráðstöfunin að vera sértæk í þeim skilningi að hún ívilni „ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara“.

Samvinnufélög sem eru aðstoðarhæf samkvæmt kerfinu eru fyrirtæki í skilningi ríkisaðstoðarreglna EES-samningsins. Samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd merkir hugtakið „fyrirtæki“ hverja þá efnahagseiningu sem fæst við atvinnustarfsemi, óháð lögformlegri stöðu þeirrar einingar og hvernig hún er fjármögnuð ⁽³⁰⁾.

Til þess að skera úr um hvort ráðstöfun er sértæk, er rétt að taka til athugunar hvort ráðstöfunin leiði í tilteknu lagaumhverfi til hagræðis fyrir ákveðin fyrirtæki í samanburði við önnur fyrirtæki í sambærilegri stöðu lagalega og að því er málsatvik varðar ⁽³¹⁾.

Eftirlitsstofnun EFTA mun, í því sem hér fer á eftir, taka þessa þætti til athugunar með tilliti til skattafrádráttar fyrir ákveðin samvinnufélög sem mælt er fyrir um í grein 10-50 í skattalögunum.

Viðmiðunarrámi

Til að unnt sé að flokka skattaráðstöfun sem sértæka, verður Eftirlitsstofnun EFTA að byrja á því að skilgreina hvaða reglur eru venjulegar eða „eðlilegar“ samkvæmt gildandi skattkerfi og rannsaka þær, en skattkerfið er það reglakerfi sem miða ber við í þessu tilviki ⁽³²⁾.

Í Noregi eru samvinnufélög skattlögð samkvæmt almennum tekjuskatti fyrirtækja. Markmiðið með fyrirtækjaskattinum er að skattleggja hagnað (hreinar tekjur) félaga. Samkvæmt fyrirhugaðri grein 10-50 í skattalögunum eiga hins vegar ákveðin samvinnufélög neytenda, samvinnufélög á sviði landbúnaðar, sjávarútvegs og skógræktar, ásamt byggingasamvinnufélögum, rétt á frádrætti

⁽²⁸⁾ Sjá einkum mál C-143/99 *Adria-Wien Pipeline og Wietersdorfer & Peggauer Zementwerke* [2001] ECR I-8365, 38. mgr.; mál C-501/00 *Spánn gegn framkvæmdastjórn* [2004] ECR I-6717, 90. mgr., og mál C-66/02 *Italia gegn framkvæmdastjórn* [2005] ECR I-10901, 77. mgr.

⁽²⁹⁾ Sjá í því tilliti mál C-387/92 *Banco Exterior de España* [1994] ECR I-877, 14. mgr. og mál C-222/04 *Cassa di Risparmio di Firenze og fleiri Others* [2006] ECR I-289, 132. mgr.

⁽³⁰⁾ Mál C-222/04 *Cassa di Risparmio di Firenze og fleiri* [2006] ECR I-289, 10. mgr. og áfram og dómaframkvæmd sem þar er getið.

⁽³¹⁾ Mál C-487/06 P, *British Aggregates Association gegn framkvæmdastjórn*, 82. mgr. og áfram; mál C-409/00 *Spánn gegn framkvæmdastjórn* [2003] ECR I-1487, 47. mgr.; sameinuð mál C-428/06 til C-434/06 *UGT-Rioja og fleiri*, óbirt að svo stöddu, 46. mgr.

⁽³²⁾ Mál T-211/04 og T-215/04 *Ríkisstjórn Gíbraltar gegn framkvæmdastjórn*, óbirt að svo stöddu, 143. mgr.

sem nemur allt að 15% af tekjum þeirra vegna viðskipta við félagsmenn. Skattstofn þessara fyrirtækja er þannig lækkaður og þar með jafnframt tekjuskattur þeirra. Þessi skattaregla vikur frá venjulegum reglum um tekjuskatt fyrirtækja sem fyrirtækjum í Noregi ber að greiða.

Í tilkynningunni halda stjórnvöld í Noregi því fram að viðeigandi viðmiðunarkerfi í málinu, sem hér liggur fyrir, sé hinn almenni rammi um útvegum eigin fjár. Eftirlitsstofnun EFTA er á annarri skoðun. Þar eð skattundanhága fyrir ákveðin samvinnufélög er frávik frá almennum tekjuskatti fyrirtækja, kemst stofnunin að þeirri niðurstöðu að það viðmið sem hin tilkynnta ráðstöfun verði að miðast við sé kerfi tekjuskatts fyrirtækja. Tekjuskattur fyrirtækja sé því sá viðmiðunarrammi sem beita verði þegar frávik er metið.

Málsatvik og lagaleg staða

Næst verður Eftirlitsstofnun EFTA að meta, í tengslum við lögfestar áætlanir (í þessu tilviki tekjuskatt fyrirtækja), hvort ráðstöfun á vegum ríkisins sé þannig að hún ívilni ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, samanborið við önnur fyrirtæki sem eru í sambærilegri stöðu lagalega og að því er málsatvik varðar, með hliðsjón af markmiðinu með umræddri ráðstöfun ⁽³³⁾.

Í samræmi við það verður stofnunin að meta og skera úr um hvort hagræði sem skattaráðstöfunin, sem hér er til umfjöllunar, hefur í för með sér, kunni að vera sértækt, með því að sýna fram á að ráðstöfunin feli í sér undanhágu frá venjulegum reglum með því að gera greinarmun á atvinnurekendum sem eru í sambærilegri stöðu lagalega og að því er málsatvik varðar, með vísan til þeirra markmiða sem lögð eru til grundvallar skattkerfi viðkomandi ríkis ⁽³⁴⁾.

Samkvæmt fyrrnefndri dómaframkvæmd verður eftirlitsstofnunin því að meta, með hliðsjón af tekjuskatti fyrirtækja, hvort 15% frádráttur frá tekjum samvinnufélaga af viðskiptum við félagsmenn ívilni ákveðnum samvinnufélögum í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins samanborið við önnur fyrirtæki sem eru í sambærilegri stöðu lagalega og að því er málsatvik varðar, með hliðsjón af markmiðinu með tekjuskatti fyrirtækja.

Eins og getið er hér að framan, er markmiðið með tekjuskatti fyrirtækja að skattleggja hagnað félaga.

Í þessu sambandi gerir eftirlitsstofnunin sér grein fyrir séreinkennum samvinnufélaga. Eftirlitsstofnunin veitir því sérstaklega athygli að í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar segir svo:

„[s]amvinnufélög starfa í hágu félagsmanna sinna, sem jafnframt eru neytendur, og þeim er ekki stjórnað með hagsmuni utanaðkomandi fjárfesta að leiðarljósi. Félagsmenn taka við hagnaði í hlutfalli við viðskipti sín við samvinnufélagið og fjármunir og eignir eru sameiginleg eign, ekki er unnt að útteila þeim og þeir eru í hágu sameiginlegra hagsmuna félagsmanna. Vegna þess að persónuleg tengsl milli félagsmanna eru að meginreglu sterk og mikilvæg, þurfa nýir félagsmenn að hljóta samþykki og kosningaréttur er ekki nauðsynlega í hlutfalli við eignarhlut (einn maður eitt atkvæði). Úrsögn veitir félagsmanni rétt til endurgreiðslu á hlut sínum sem þýðir að eigið fé lækkar.“ ⁽³⁵⁾

Af þeim sökum er hreint, gagnkvæmt samvinnufélag í fyrsta lagi skilgreint með sérstöku sambandi við félagsmenn samvinnufélagsins, sem þýðir að félagsmenn taka virkan þátt í rekstri samvinnufélagsins og að mikil samskipti milli félagsmanna og samvinnufélags einskorðast ekki við viðskiptalegt samband. Í öðru lagi eru eignir samvinnufélagsins sameign félagsmanna og hagnaður er eingöngu greiddur til félagsmanna samvinnufélagsins á grundvelli viðskipta þeirra við félagið.

Á grundvelli framangreindra sjónarmiða, telur Eftirlitsstofnun EFTA ekki útilokað að unnt sé að líta svo á að hrein, gagnkvæm samvinnufélög og önnur félög séu ekki í sambærilegri

⁽³³⁾ Mál C-75/97 *Belgia* gegn framkvæmdastjórn [1999] ECR I-3671, 28–31. mgr.

⁽³⁴⁾ Mál T-211/04 og T-215/04 *Ríkisstjórn Gibraltar* gegn framkvæmdastjórn, óbirt að svo stöddu, 143. mgr. um nánari tilvísanir.

⁽³⁵⁾ Kafli 1.1 í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um samvinnufélög.

stöðu lagalega og að því er málsatvik varðar, með hliðsjón af markmiðinu með skatti á hagnað fyrirtækja.

Svo virðist hins vegar að í málinu, sem hér liggur fyrir, megi draga í efa að sum samvinnufélaganna, sem hið tilkynnta kerfi tekur til, séu gagnkvæm. Stór hluti starfsemi ákveðinna samvinnufélaga, sem kerfið tekur til, tengist ekki viðskiptum við félagsmenn heldur viðskiptum við aðra viðskiptamenn. Í þessu sambandi vísar eftirlitsstofnunin til þeirrar takmörkunar, sem fram kemur í grein 10-50 í skattalögum, þess efnis að aðeins samvinnufélög neytenda, þar sem meira en 50% reglubundinnar veltu tengist viðskiptum við félagsmenn, skuli njóta ávinnings af hinu tilkynnta kerfi. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að þess háttar samvinnufélög, sem eru að miklu leyti gagnkvæm, séu allfrábrugðin því hreina samvinnufélagsformi sem lýst er í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um samvinnufélög.

Að auki tekur kerfið aðeins til þeirra samvinnufélaga sem tilgreind eru í drögum að grein 10-50 í skattalögum, nánar tiltekið ákveðnum samvinnufélögum neytenda, samvinnufélögum á sviði landbúnaðar, sjávarútvegs og skógræktar, ásamt byggingasamvinnufélögum. Eingöngu þessi samvinnufélög eiga rétt á allt að 15% frádrætti á þann hluta tekna þeirra sem eru til kominn vegna viðskipta við félagsmenn. Af þeim sökum er viðkomandi skattahagræði veitt vegna rekstrarforms fyrirtækisins sem samvinnufélags og vegna þeirra atvinnugreina sem fyrirtækið starfar innan. Því er ljóst að ráðstöfunin er sértæk í tengslum við aðra, sambærilega rekstraraðila.

Eftirlitsstofnun EFTA telur að með því að beita mismunandi skattlagningu á hagnað ákveðinna samvinnufélaga vegna viðskipta við félagsmenn, eftir því innan hvaða atvinnugreinar þau starfa, sé í grein 10-50 í norsku skattalögum gerður greinarmunur á rekstraraðilum sem, með hliðsjón af því markmiði sem lagt er til grundvallar kerfi tekjuskatts fyrirtækja, þ.e. skattlagningu hagnaðar, eru í sambærilegri stöðu lagalega og að því er málsatvik varðar.

Rökstuðningur með eðli og röklegu samhengi kerfisins

Af traustri dómaframkvæmd má ráða að hugtakið ríkisaðstoð vísi ekki til ráðstafana á vegum ríkisins, þar sem gerður er greinarmunur á fyrirtækjum, og þær eru því, við fyrstu sýn, sértækar, ef aðgreiningin stafar af eðli eða heildaruppbyggingu kerfisins sem þær eru hluti af⁽³⁶⁾. Samkvæmt dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins og dómstóla Evrópubandalaganna hefur því verið slegið föstu að unnt sé að rökstyðja sértæka skattaráðstöfun, sem er ætlað að veita fyrirtækjum í tiltekinni atvinnugrein undanþágu, að hluta eða öllu leyti, frá gjöldum sem leiða af venjulegri beitingu almenna kerfisins, með vísan til innra samræmis skattkerfisins, ef hún er í samræmi við það⁽³⁷⁾.

Eftirlitsstofnun EFTA verður því að skera úr um hvort aðgreiningin milli ákveðinna samvinnufélaga og annarra fyrirtækja sé engu að síður ekki sértæk vegna þess að hún kemur til vegna eðlis eða almenns fyrirkomulags gjaldkerfisins sem hún er hluti af. Sem sé, hvort rekja megi aðgreininguna beint til grundvallarreglna eða leiðbeinandi meginreglna kerfisins⁽³⁸⁾.

Af dómaframkvæmdinni leiðir að það er í verkahring EES-ríkisins, sem innleiddi slíka aðgreiningu, að sýna fram að hún sé rökstudd með eðli eða almennu fyrirkomulagi kerfisins sem um ræðir⁽³⁹⁾. Stjórnvöld í Noregi halda því fram að skattafrádrátturinn sem gildir um ákveðin samvinnufélög sé rökstuddur með eðli kerfisins eða almennu fyrirkomulagi þess þar eð það gefi til kynna að norska kerfið um fjármögnun á eigin fé fyrirtækja, sem felst í að taka við skattfrjálsam framlögum, gildi einnig um samvinnufélög. Með öðrum orðum, kerfinu væri ætlað að jafna út það óhagræði samvinnufélaga sem er innbyggt í rekstrarform þeirra.

⁽³⁶⁾ Mál 173/73 *Ítalía* gegn framkvæmdastjórn [1974] ECR 709, 33. mgr.; mál C-143/99 *Adria-Wien Pipeline* og *Wietersdorfer & Peggauer Zementwerke* [2001] ECR I-8365, 42. mgr.

⁽³⁷⁾ Mál E-6/98 *Noregur* gegn Eftirlitsstofnun EFTA, sem vísað er til hér á undan, 38. mgr.; sameinuð mál E-5/04, E-6/04 og E-7/04 *Fesil og Finnjörð, PIL og fleiri* og *Noregur* gegn Eftirlitsstofnun EFTA, sem vísað er til hér á undan, 84.–85. mgr.; sameinuð mál T-127/99, T-129/99 og T-148/99 *Territorio Histórico de Alava et a* gegn framkvæmdastjórn [2002] ECR II-1275, 163. mgr.; mál C-143/99 *Adria-Wien Pipeline* [2001] ECR I-8365, 42. mgr.; mál T-308/00 *Salzgitter* gegn framkvæmdastjórn [2004] ECR II-1933, 42. mgr.; mál C-172/03 *Wolfgang Heiser* [2005] ECR I-1627, 43. mgr.

⁽³⁸⁾ Mál T-211/04 og T-215/04 *Ríkisstjórn Gibraltar* gegn framkvæmdastjórn, óbirt að svo stöddu, 144. mgr. um nánari tilvísanir.

⁽³⁹⁾ Mál C-159/01 *Holland* gegn framkvæmdastjórn [2004] ECR I-4461, 43–47. mgr.

Það er álit Eftirlitsstofnunar EFTA í málinu, sem hér liggur fyrir, að rök stjórnvalda í Noregi, þess efnis að líta beri á frádrátt frá tekjuskatti fyrirtækja sem endurgjald vegna kostnaðarauka sem samvinnufélög verða fyrir vegna þess hve erfitt þau eiga með að afla fjármagns, geti ekki talist vera í samræmi við kerfi tekjuskatts fyrirtækja. Tekjuskattur fyrirtækja leggst á tekjur félags af reglulegum viðskiptum, en hlutafjárframlög og önnur eiginfjárframlög teljast ekki tekjur samkvæmt norskum lögum⁽⁴⁰⁾. Enda þótt markmið stjórnvalda í Noregi sé lofsvert, virðist það ekki leiða beint af grundvallarreglum eða leiðbeinandi meginreglum þess kerfis sem ráðstöfunin er innbyggð í, nánar tiltekið skattkerfisins. Eftirlitsstofnun EFTA vísar til þess að samkvæmt samræmdri dómaframkvæmd er markmiðið með ráðstöfunum á vegum ríkisins ekki nægjanlegt til að útiloka með öllu að þessar ráðstafanir verði flokkaðar sem aðstoð með tilliti til ákvæða 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins⁽⁴¹⁾.

Eftirlitsstofnun EFTA bendir einnig á, í málinu sem hér liggur fyrir, að hinu tilkynnta kerfi sé ekki ætlað að gilda um öll samvinnufélög, sem að meginreglu ættu að verða fyrir sama kerfislega óhagræðinu, eins og stjórnvöld í Noregi hafa bent á. Þvert á móti nær kerfið aðeins til samvinnufélaga í þeim atvinnugreinum sem eru sérstaklega nefndar í drögunum að grein 10-50 í skattalögum. Stjórnvöld í Noregi hafa ekki lagt fram nein rök sem sýna fram á að það sé í samræmi við eðli og almennt fyrirkomulag skattkerfisins að afmarka kerfið við þessi samvinnufélög. Undirbúningsskjölin fyrir grein 10-50 í skattalögum vísa einfaldlega til samvinnufélaganna sem kerfið tekur til sem fulltrúa fyrir hefðbundnar atvinnugreinar samvinnufélaga⁽⁴²⁾, en það sjónarmið á ekki við í tengslum við skattlagningu fyrirtækja. Að sögn stjórnvalda í Noregi grundvallast þessi afmörkun auk þess á þeirri forsendu að samvinnufélög, sem kerfið mun taka til, þurfi frekar á aðstoð að halda en samvinnufélög í öðrum atvinnugreinum. Stjórnvöld í Noregi hafa á hinn bóginn hvorki lagt fram hlutlægar upplýsingar til að renna stoðum undir þær hugmyndir sínar, né önnur hlutlæg, haldbær rök fyrir þessari aðgreiningu.

Eftirlitsstofnun EFTA telur, í samræmi við dómaframkvæmd⁽⁴³⁾, að það að þurfa að taka tillit til tiltekinnna krafna (í þessu tilviki sérstöðu samvinnufélaga sem samtaka), hversu lögmætær sem þær kunni að vera, geti ekki réttlætt að sértækar ráðstafanir, og heldur ekki sérstakar, séu útilokaðar frá gildissviði ákvæða 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, þar eð, hvað sem öðru líður, taka megi tillit til settra markmiða þegar metið er hvort ríkisaðstoðarráðstöfun samrýmist EES-samningnum á grundvelli 3. mgr. 61. gr. hans.

Til viðbótar þessu vísar Eftirlitsstofnun EFTA til athugasemda Samvirkeutvalget og þess sjónarmiðs að unnt væri að réttlæta skattundanþágu fyrir samvinnufélög á grundvelli raka um tvísköttun og þar af leiðandi myndi hún vera í samræmi við eðli tekjuskattkerfis fyrirtækja. Á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga getur Eftirlitsstofnun EFTA þó ekki útilokað að sú staða gæti komið upp að eigið fé væri hvorki skattlagt hjá samvinnufélaginu né hjá félagsmönnum.

Að því er varðar málið, sem hér liggur fyrir, og ef sannfærandi rök um hið gagnstæða eru ekki fyrir hendi, telur Eftirlitsstofnun EFTA enn fremur, að ekki sé unnt að líta svo á að ívilnandi skattameðferð, sem aðeins gildir um sum samvinnufélög án þess að lögð séu fram hlutlæg rök fyrir þeirri aðgreiningu, samrýmist skattkerfinu⁽⁴⁴⁾. Jafnvel þótt umrædd skattaráðstöfun ákvarði umfang sitt á grundvelli hlutlægra viðmiða, er nú samt svo að hún er sértæk í eðli sínu⁽⁴⁵⁾.

⁽⁴⁰⁾ sbr. lið I-2.3 hér að framan.

⁽⁴¹⁾ Mál C-241/94 *Frakkland gegn framkvæmdastjórn* [1996] ECR I-4551, 21. mgr., mál C-342/96 *Spánn gegn framkvæmdastjórn* [1999] ECR I-2459, 23. mgr.

⁽⁴²⁾ *Ot.prp. nr. 1 (2006–2007) Skatte- og avgiftsopplegget 2007 – lovendringer*.

⁽⁴³⁾ Mál C-487/06 P, *British Aggregates Association gegn framkvæmdastjórn*, 92. mgr.

⁽⁴⁴⁾ Í þessu tilliti vísar Eftirlitsstofnun EFTA til ákvörðunar framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna í máli sem varðar danskt kerfi um bætur fyrir CO²-skatt, sbr. mál C 41/2006 (áður N 318/2004), biður birtingar. Í 44. mgr. ákvörðunarinnar heldur framkvæmdastjórnin því fram að umrætt kerfi taki aðeins til hluta þeirra fyrirtækja sem búa við þær aðstæður sem kerfinu er ætlað að leiðrétta, að sögn stjórnvalda í Danmörku. Framkvæmdastjórnin lítur á þetta sem undanþágu frá þeirri heildarhugsun sem stjórnvöld í Danmörku halda fram að eigi að gilda og kemst að þeirri niðurstöðu að þess vegna sé kerfið ekki í samræmi við þessa hugsun.

⁽⁴⁵⁾ Sameinuð mál T-92/00 og T-103/00, *Territorio Histórico de Álava – Diputación Foral de Álava og fleiri gegn framkvæmdastjórn* [2002] ECR II-1385, 58. mgr.

Í ljósi þessa telur Eftirlitsstofnun EFTA að skattafrádrátturinn, sem gildir um ákveðin samvinnufélög, feli í sér undanþágu frá hefðbundnum reglum um fyrirtækjaskatt, að svo virðist sem hann sé ekki rökstuddur með eðli eða almennu fyrirkomulagi kerfisins, og því verði að telja hann sértækan ⁽⁴⁶⁾.

2.3.2 Ávinningur

Í öðru lagi, til að unnt sé að ákvarða hvort samvinnufélög, sem kerfið tekur til, hafi notið efnahagslegs ávinnings, verður Eftirlitsstofnun EFTA að meta hvort ráðstöfunin dragi úr þeim kostnaði sem aðstoðarþegar hefðu undir venjulegum kringumstæðum þurft að standa straum af í rekstri sínum. Stofnunin telur að þegar hugað er að því hvort kerfið veiti samvinnufélögum, sem það tekur til, hagræði, verði að hafa hliðsjón af því kerfi tekjuskatts fyrirtækja sem gildir um bæði arðsemisfyrirtæki og samvinnufélög, þ.m.t. samvinnufélög sem kerfið tekur ekki til.

Samkvæmt hinu tilkynnta kerfi, eiga ákveðin samvinnufélög rétt á allt að 15% frádrætti frá þeim hluta tekna sinna sem eru til komnar vegna viðskipta við félagsmenn. Skattstofn þessara fyrirtækja er þannig lækkaður og þar með tekjuskattur þeirra. Vegna þessa dregur ráðstöfunin úr þeim kostnaði sem venjulega væri greiddur af rekstrarfé þeirra. Þessi skattaregla vikur frá venjulegum reglum um tekjuskatt fyrirtækja sem fyrirtækjum í Noregi ber að greiða.

Stjórnvöld í Noregi og nokkrir þeirra þriðju aðila, sem hafa lagt fram athugasemdir við ákvörðunina um að hefja rannsókn, halda því fram að fyrirhugaður skattafrádráttur veiti samvinnufélögum ekki hagræði. Stjórnvöld í Noregi telja, í fyrsta lagi, að kerfið sé í samræmi við markaðsfjárfestaregluna og að líta beri á það sem greiðslu til samvinnufélaga fyrir að halda fast í rekstrarform sitt, sem er í almannabágu. Í öðru lagi sé skattafrádrátturinn endurgjald vegna þess kostnaðarauka sem samvinnufélög verði fyrir vegna þeirra takmarkana sem þeim eru settar, einkum að því er varðar aðgang að eigin fé, og að í honum felist ekki ofgreiðsla.

Varðandi markaðsfjárfestaregluna virðist röksemdin, í fyrsta lagi, byggjast á þeirri afstöðu að aðstoðin, sem er veitt samkvæmt kerfinu, muni ekki vera meiri en sá kostnaðarauki fyrirtækis sem felst í því að vera rekið sem samvinnufélag (ofgreiðsla), eða það hagræði sem almenningur hefur af því að staðinn sé vörður um samvinnufélagsformið. Stjórnvöld í Noregi halda því fram að markaðsfjárfestareglan gildi ef ríkið kaupir óefnislegan ávinning sem varðar almannahagsmunum á markaðsverði, að minnsta kosti ef hinn óefnislegi ávinningur ríkisins er algjörlega óviðkomandi hagsmunum viðkomandi fyrirtækis ⁽⁴⁷⁾.

Eftirlitsstofnun EFTA telur að nokkrar ástæður séu fyrir því hvers vegna markaðsfjárfestareglan gildi ekki í máli því, sem hér liggur fyrir. Í fyrsta lagi er stofnunin ekki sammála þeirri afstöðu stjórnvalda í Noregi að rekstur samvinnufélags feli ekki í sér neitt hagræði fyrir fyrirtæki. Í þessu tilliti vísar stofnunin til orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar um samvinnufélög, þar sem framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna segir m.a. að samvinnufélagsformið geti verið „leið til að byggja upp eða efla efnahagslegan styrk lítilla og meðalstórra fyrirtækja“ ⁽⁴⁸⁾.

Eftirlitsstofnun EFTA telur enn fremur að sá óefnislegi ávinningur sem ríkið hyggist „kaupa“ í málinu, sem hér liggur fyrir, sé sá að halda fast í samvinnufélagageirann í Noregi við núverandi skilyrði þegar takmarkanir á aðgangi að eigin fé eru annars vegar. Stofnunin er þeirrar skoðunar að ógerlegt sé að beita markaðsfjárfestareglunni í máli þessu af þeirri einföldu ástæðu að enginn einkafjárfestir gæti nokkru sinni stundað sambærileg viðskipti og þau sem stjórnvöld í Noregi leggja til. Í þessu tilviki komi ríkið ekki fram sem markaðsfjárfestir eða fyrirtæki. Þvert á móti sinni ríkið fullveldis- og stjórnsýslulegu hlutverki sínu, þar sem álagning skatta er einn lykilþátta þessa hlutverks. Stofnunin fái því ekki séð að markaðsfjárfestareglan gildi.

⁽⁴⁶⁾ Mál C-222/04, *Cassa di Risparmio di Firenze* [2006] ECR I-289, 134.–138. mgr.; mál C-148/04 *Unicredito Italiano* [2005] ECR I-11137, 48.–49. mgr.

⁽⁴⁷⁾ Stjórnvöld í Noregi vísa til álits Fennellys lögsögumanns í máli 251/97 *Lýðveldið Frakkland gegn framkvæmdastjórn* máli sínu til stuðnings. Röksemdir stjórnvalda í Frakklandi í máli þessu eru þær að í aðalatriðum sé hugsanlega unnt að færa rök fyrir því að þegar ríkið kaupir vörur eða þjónustu eða óefnislegri ávinning í þágu almannahagsmuna á markaðsvirði sé alls ekki um að ræða aðstoð, eða þá að um sé að ræða aðstoð sem, að minnsta kosti hugsanlega, samrýmist EES-samningnum, sbr. 20. mgr. álitsins. Lögsögumaðurinn fór hins vegar ekki eftir rökum stjórnvalda í Frakklandi í máli þessu.

⁽⁴⁸⁾ Kafli 2.1.1 í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um samvinnufélög.

Stjórnvöld í Noregi hafa einnig haldið því fram að kerfið feli ekki í sér ofgreiðslu og að veitt aðstoð sé ekki meiri en sem nemur því hagræði sem almenningur hefur af því að staðinn sé vörður um samvinnufélögin. Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að stjórnvöld í Noregi hafi ekki lagt fram tölulegar upplýsingar eða aðrar upplýsingar í þessu skyni, heldur aðeins haldið fram að þau telji svo vera. Stofnunin getur því ekki fallist á þau rök.

Í öðru lagi mun Eftirlitsstofnun EFTA rannsaka hvort unnt sé að draga þá ályktun að kerfið feli ekki í sér hagræði fyrir samvinnufélög, sem það tekur til, á grundvelli þess að aðstoð sé veitt til að bæta samvinnufélögum upp kerfislægt óhagræði. Viðurkennt hefur verið að aðstoðarráðstafanir megi, við vissar, sérstakar aðstæður, bæta upp kerfislægt óhagræði⁽⁴⁹⁾. Í sumum tilvikum hefur verið litið svo á að bætur vegna óhagræðis feli ekki í sér hagræði, einkum ef fyrrum einokunarfyrirtæki í eigu ríkisins eru endurskipulögð og gerð að þátttakendum á markaði þegar markaðurinn er opnaður fyrir samkeppni. Fordæmi þessi vísa til málsatvika sem eru frábrugðin þeim sem eru í málinu, sem hér liggur fyrir. Enn fremur virðist sem hvorki dómaframkvæmd dómstóla Evrópubandalaganna né starfsvenjur framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna renni stóðum undir þann skilning að ráðstöfun eins og sú sem tilkynnt var feli ekki í sér hagræði fyrir umrætt fyrirtæki vegna þess eins að hún bæti fyrir „óhagræði“ sem fyrirtækið varð fyrir⁽⁵⁰⁾.

Með hliðsjón af þessu er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að fyrirhuguð skattaávilnun feli í sér hagræði fyrir samvinnufélög, sem kerfið tekur til.

2.4 Samkeppnisröskun og áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins

Að því er varðar viðmiðin í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins um aðstoð sem raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila, leiðir af dómaframkvæmd að ekki er nauðsynlegt að sýna fram á að aðstoð hafi raunveruleg áhrif á viðskipti milli samningsaðila og að samkeppni hafi í raun raskast, heldur aðeins að rannsaka hvort aðstoð sé líkleg til að hafa áhrif á viðskipti og raska samkeppni⁽⁵¹⁾.

Stjórnvöld í Noregi halda því fram að markmið kerfisins sé að berjast gegn núverandi samkeppnishalla samvinnufélaga þegar aðgangur að eigin fê er annars vegar. Á grundvelli þessa halda þau því fram að kerfið raski ekki né sé það til þess fallið að raska samkeppni. Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að kerfið hafi þau áhrif að lækka tekjuskatt samvinnufélaga sem kerfið tekur til, samanborið við önnur félög. Samkeppnisstaða þessara samvinnufélaga styrkist því. Í þessu tilliti geti sú staðreynd, að samkvæmt norskum lögum eru samvinnufélög háð tilteknum takmörkunum sem eru t.d. ekki lagðar á hlutafélög, ekki ráðið úrslitum.

Að auki verður að líta svo á, að ef aðstoð, sem er á vegum ríkisins, styrkir stöðu fyrirtækis gagnvart öðrum fyrirtækjum sem keppa í viðskiptum milli EES-ríkja, hafi hún áhrif á síðarnefndu fyrirtækin. Á hinn bóginn er ekki nauðsynlegt að fyrirtækið sem tekur við aðstoð sé aðili að umræddum viðskiptum⁽⁵²⁾. Fyrirhugaður skattafrádráttur styrkir stöðu samvinnufélaga í tengslum við keppinauta þeirra sem búa við annars konar skipulag. Skattafrádrátturinn gildir um allar helstu gerðir samvinnufélaga og sumar þeirra, að minnsta kosti, stunda einnig viðskipti á mörkuðum innan EES-svæðisins. Í þessu tilliti bendir Eftirlitsstofnun EFTA á að samvinnufélag neytenda, Coop NKL BA, hefur 24% markaðshlutdeild á matvörumarkaði í Noregi. Enn fremur starfar Coop NKL BA með öðrum norrænum smásölusamtökum samvinnufélaga að því er varðar innkaup og vinnslu.

Á grundvelli þessa er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að hið tilkynnta kerfi sé til þess fallið að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins.

⁽⁴⁹⁾ Mál T-157/01 *Danske Busvognmænd* gegn framkvæmdastjórn [2004] ECR II-917.

⁽⁵⁰⁾ Mál 30/59 *Gezamenlijke Steenkolenmijnen* [1961] ECR, bls. 3, 29–30; mál C-173/73 *Italia* gegn framkvæmdastjórn [1974] ECR 709, 12.–13. mgr.; mál C-241/94 *Frakkland* gegn framkvæmdastjórn [1996] ECR I-4551, 25. og 35. mgr.; mál C-251/97 *Frakkland* gegn framkvæmdastjórn [1999] ECR I-6639, 41. mgr., 46.–47. mgr. og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli C 2/2006 *OTE*, 92. mgr.

⁽⁵¹⁾ Mál C-372/97 *Italia* gegn framkvæmdastjórn [2004] ECR I-3679, 44. mgr.; mál C-66/02 *Italia* gegn framkvæmdastjórn, 111. mgr. og mál C-148/04 *Unicredito Italiano* [2005] ECR I-11137, 54. mgr.

⁽⁵²⁾ Mál C-66/02 *Italia* gegn framkvæmdastjórn, sem vísað er til hér á undan, 115. og 117. mgr., og mál C-148/04 *Unicredito Italiano*, sem vísað er til hér á undan, 56. og 58. mgr.

2.5 Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um samvinnufélög

Stjórnvöld í Noregi virðast halda því fram að hið tilkynnta kerfi feli ekki í sér ríkisaðstoð þar eð það sé í samræmi við þær meginreglur sem koma fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um samvinnufélög. Stjórnvöld í Noregi vísa einkum til kafla 3.2.6 í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar þar sem framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna segir m.a. að sérstök skattameðferð samvinnufélaga kunni að vera við hæfi. Þessi grein er svohljóðandi:

„Nokkur aðildarríki (t.d. Belgía, Ítalía og Portúgal) telja að takmarkanir þær sem eru innbyggðar í sérstakt eðli eigin fjár samvinnufélags verðskuldi sérstaka skattalega meðferð: til dæmis leiði sú staðreynd, að hlutabréf samvinnufélaga eru ekki skráð og því ekki víða unnt að kaupa þau, til þess að nær útilokað sé að hagnast á sölu þeirra; það kunni að fæla nýja félagsmenn frá að hlutabréf eru endurgreidd á bókfærðu verði (spákaupmennskuvirði þeirra er ekkert) og að allur hagnaður (arður) er að jafnaði takmarkaður. Að auki ber að nefna að oft eru gerðar strangar kröfur til samvinnufélaga að því er varðar greiðslur í varasjóði. Sérstök skattaleg meðferð kann að vera við hæfi, en að því er varðar alla þætti reglugerðarinnar um samvinnufélög, skyldi halda í heiðri þá meginreglu að vernd eða ávinningur, sem sérstakri gerð einingar er veitt, ætti að vera í réttu hlutfalli við lagalegar hömlur, félagslegan virðisauka eða takmarkanir innbyggðar í það form og ætti ekki að leiða til ósanngjarnrar samkeppni. Að auki ætti hvers kyns annað „hagræði“ ekki að heimila samvinnufélögum, sem starfa ekki í góðri trú, að nota samvinnufélagsformið á óeskilegan hátt til að koma sér undan viðeigandi upplýsingagjöf og kröfum um stjórnunarhætti fyrirtækja. Framkvæmdastjórnin býður aðildarríkjunum, þegar þau huga að skattalegri meðferð eigin fjár og varasjóða samvinnufélaga, sem er viðeigandi og ekki íþyngjandi um of, að gæta þess vandlega að slík ákvæði skapi ekki samkeppnishamlandi aðstæður (...).“

Eftirlitsstofnun EFTA bendir hins vegar á að í kafla 3.2.7 í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar segir enn fremur að „[s]amvinnufélög sem stunda atvinnustarfsemi teljast vera „fyrirtæki“ í skilningi 81, 82. og 86. til 88. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins („EB-sáttmálans“). Þau lúta því að fullu evrópskum reglum um samkeppni og ríkisaðstoð og jafnframt ýmsum undanþágum, háþörkum og minniháttarreglum.“

Á grundvelli þessa, er það skoðun Eftirlitsstofnunar EFTA að þótt taka verði tillit til sérkenna samvinnufélaga þegar mál þetta er rannsakað, sé ekki unnt að skírskota til orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar, þegar hún er lesin í heild sinni, til að færa rök fyrir því að ríkisaðstoð til samvinnufélaga falli ekki undir gildissvið ríkisaðstoðarreglna EES-samningsins.

Eftirlitsstofnun EFTA kemst því að þeirri niðurstöðu að ekki sé þörf á neinum breytingum á niðurstöðu orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar, þegar hún er lesin í heild sinni, í þá veru að fyrirhuguð skattaávilnun feli í sér hagræði fyrir samvinnufélög, sem kerfið tekur til.

2.6 Niðurstaða um það hvort um ríkisaðstoð sé að ræða

Á grundvelli þess sem hefur verið rakið hér að framan, hefur Eftirlitsstofnun EFTA komist að þeirri niðurstöðu að hið tilkynnta kerfi um skattaávilnanir til ákveðinna samvinnufélaga sé ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

3. Málsmeðferð

Eftirfarandi ákvæði er að finna í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3: „Tilkynna skal Eftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda (...). Hlutaðeigandi ríki skal ekki gera fyrirhugaðar ráðstafanir fyrr en endanleg niðurstaða liggur fyrir“.

Stjórnvöld í Noregi tilkynntu, með bréfum dagsettum 28. júní 2007 og 16. október 2007, hið fyrirhugaða kerfi um skattahagræði fyrir ákveðin samvinnufélög og hafa ekki hrint kerfinu í framkvæmd meðan beðið er lokaákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA.

Eftirlitsstofnun EFTA getur þar af leiðandi ályktað að stjórnvöld í Noregi hafi virt skuldbindingar sínar samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3.

4. Samrýmist aðstoðin samkeppnisreglum?

Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að stjórnvöld í Noregi hafi ekki sett fram nein sjónarmið um hvort aðstoðin samrýmist samkeppnisreglum, hvorki í tilkynningu um kerfið né í athugasemdum við þá ákvörðun stofnunarinnar að hefja rannsókn. Stofnunin hefur hins vegar lagt mat á hvort hin tilkynnta ráðstöfun samrýmist 61. gr. EES-samningsins á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga.

Eftirlitsstofnunin telur að engin þeirra undanþága sem getið er í 2. mgr. 61. gr. EES-samningsins eigi við í málinu, sem hér liggur fyrir.

Að því er varðar beitingu 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, er ekki unnt að líta svo á að skattaávilnunin fyrir samvinnufélög falli undir gildissvið stafl. a) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins þar eð ekkert hérað í Noregi falli undir þetta ákvæði, sem gerir að skilyrði að lífskjör séu óvenju bágborin eða atvinnuleysi mikið. Kerfið virðist heldur ekki stuðla að því að hrint sé í framkvæmd mikilvægum, sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum eða ráðin sé bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi Noregs, eins og nauðsynlegt væri til að ráðstöfunin samrýmdist stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Hvað stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins áhrærir, væri unnt að líta svo á að aðstoð samrýmdist EES-samningnum ef hún greiddi fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða, enda hefði hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríddi gegn sameiginlegum hagsmunum. Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að ráðstöfunin hvorki takmarkist við þau svæði sem norska byggðakortið tekur til né falli hún undir neinar núverandi leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð sem líta að því hvort aðstoðin samrýmist EES-samningnum á grundvelli stafl. c) í 3. mgr. 61. gr.

Þar eð engar leiðbeinandi reglur gilda beint um hið tilkynnta kerfi mun Eftirlitsstofnun EFTA meta á grundvelli stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins hvort kerfið samrýmist EES-samningnum⁽⁵³⁾. Túlka ber undanþágur í skilningi stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins þröngt⁽⁵⁴⁾ og einungis má veita þær þegar unnt er að ganga úr skugga um að aðstoðin muni stuðla að því að ná fram markmiði á sviði sameiginlegra hagsmuna, sem ekki væri unnt að tryggja við eðlilegar markaðsaðstæður. Dómstóll Evrópubandalaganna viðurkennið svokallaða „meginreglu um réttlættar bætur“ í máli *Philip Morris*⁽⁵⁵⁾.

Mat á því hvort ríkisaðstoð samrýmist EES-samningnum snýst í grundvallaratriðum um að vega neikvæð áhrif aðstoðar á samkeppni á móti jákvæðum áhrifum á sviði sameiginlegra hagsmuna⁽⁵⁶⁾. Til að ríkisaðstoðarkerfi geti talist samrýmanlegt samkvæmt stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins:

- verður það að miða að vel skilgreindu markmiði á sviði sameiginlegra hagsmuna,
- verður það að vera vel útfært til að ná fram markmiðinu á sviði sameiginlegra hagsmuna og, í því tilliti, vera viðeigandi tæki, hafa hvatningaráhrif og vera ekki úr hófi íþyngjandi,
- má það ekki raska samkeppni og viðskiptum á EES-svæðinu þannig að það stríði gegn sameiginlegum hagsmunum⁽⁵⁷⁾.

Eftirlitsstofnun EFTA verður að meta hvort markmiðið með ráðstöfuninni sé nauðsynlegt, í samræmi við markmið á sviði sameiginlegra hagsmuna og, ef svo er, hvort þetta sé sú aðferð til að ná markmiðinu sem veldur minnstri röskun.

Vel skilgreint markmið á sviði sameiginlegra hagsmuna

Stjórnvöld í Noregi hafa haldið því fram að endanlegt markmið með hinu tilkynnta kerfi sé að tryggja að haldið verði fast í samvinnufélagsformið. Stjórnvöld í Noregi segja að nauðsynlegt sé að auðvelda aðgang samvinnufélaga að eigin fé til að unnt sé að ná því markmiði.

⁽⁵³⁾ Mál T-288/97, *Regione Friuli Venezia Giulia* gegn framkvæmdastjórn, [2001] ECR II-1169, 72. mgr.

⁽⁵⁴⁾ Mál C-301/96 *Býskaland* gegn framkvæmdastjórn [2003] ECR I-9919, 66. og 105. mgr.

⁽⁵⁵⁾ Mál 730/79, *Philip Morris* gegn framkvæmdastjórn [1980] ECR I-2671.

⁽⁵⁶⁾ Sjá aðgerðaaætlun framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð frá 7. júní 2005, COM (2005) 107, 11. mgr.

⁽⁵⁷⁾ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. janúar 2007 C(2006) 6630, í máli N 270/2006, 67. mgr.

Eftirlitsstofnun EFTA viðurkennir að samvinnufélög hafi ákveðin sérkenni, eins og fram kemur í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um samvinnufélög. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar segir að efling samvinnufélagsformsins geti leitt til aukinnar skilvirkni í efnahagslífinu og haft jákvæð, félagsleg áhrif. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar virðist gefið til kynna að líta megi á það að halda fast í samvinnufélagsformið sem markmið á sviði sameiginlegra hagsmuna, með hliðsjón af þeim viðtæka ávinningi á sviði réttlætis, samfélagsmála og samhæfingar sem samvinnufélög eru talin veita, og væri annars ekki aðgengilegur á markaði. Enn fremur er lögð áhersla á hugsanlegt hlutverk samvinnufélagsformsins sem leið til að byggja upp eða efla efnahagslegan styrk litilla og meðalstórra fyrirtækja, veita þjónustu sem arðsemisfyrirtæki myndu ekki veita og stuðla að uppbyggingu þekkingarsamfélags⁽⁵⁸⁾. Þó ber að hafa í huga að skilgreining á samvinnufélagi í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar virðist vera tiltölulega þröng þar sem orðsendingin virðist almennt varða hrein, gagnkvæm samvinnufélög⁽⁵⁹⁾.

Á grundvelli þessa telur Eftirlitsstofnun EFTA að kerfið sé miðað við vel skilgreint markmið á sviði sameiginlegra hagsmuna, að því leyti sem það beinist að hreinum, gagnkvæmum samvinnufélögum.

Vel útfært kerfi

Næsta skref er að meta hvort aðstoðin sé útfærð á viðunandi hátt til að ná fram markmiði á sviði sameiginlegra hagsmuna, í þessu tilviki að tryggja að haldið sé í samvinnufélagsformið með því að auðvelda aðgang samvinnufélaga að eigin fé.

Unnt er að gera greinarmun á hreinum, gagnkvæmum samvinnufélögum annars vegar og samvinnufélögum sem eru að mestu gagnkvæm, þar sem gagnkvæmni er helsta aðalsmerki samvinnufélaga. Því meiri sem gagnkvæmni er í rekstri samvinnufélags, þeim mun fremur er unnt að líta svo á að það sé frábrugðið arðsemisfyrirtækjum. Því getur besta leiðin til að ná fram því markmiði á sviði sameiginlegra hagsmuna að halda fast í samvinnufélagsformið, eins og það er skilgreint í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar, verið sú að veita hreinum, gagnkvæmum samvinnufélögum aðstoð.

Að því er hugtakið um gagnkvæm samvinnufélög varðar, hefur Eftirlitsstofnun EFTA efasemdir um hvort nægjanlegt sé, til að flokka megi samvinnufélag sem gagnkvæmt samvinnufélag í skilningi orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar um samvinnufélög, að samvinnufélag stundi aðallega viðskipti við félagsmenn. Að áliti stofnunarinnar veltur það á fjölda annarra þátta hvort unnt er að flokka samvinnufélag sem hreinræktað, gagnkvæmt samvinnufélag, eins og því hversu tíð samskipti milli samvinnufélags og félagsmanna eru, á virkri þátttöku félagsmanna í rekstri samvinnufélags, virkri aðild félagsmanna að stjórnun og ákvarðanatöku í samvinnufélagi, á því að aðild að samvinnufélagi gerist ekki sjálfkrafa, heldur verður að sækja um aðild og félagsmenn verða að samþykkja hana, á stærð ágóðahlutdeildarinnar sem greidd er til félagsmanna í hlutfalli við hagnað, á því að stór hluti ávinnings er ætlaður félagsmönnum samanborið við þann ávinning sem fer til viðskiptamanna sem eru ekki félagsmenn, o.s.frv. Það er álit stofnunarinnar að við mat á því hvort samvinnufélag sé raunverulega gagnkvæmt yrði að taka tillit til þessara og sambærilegra viðmiðana.

Eftirlitsstofnunin bendir á að sum samvinnufélaganna sem núverandi kerfi mun taka til eru hrein, gagnkvæm samvinnufélög en önnur að mestu leyti gagnkvæm. Að því er varðar samvinnufélög neytenda, kemur fram í drögum að grein 10-50 í skattalögum að kerfið taki einungis til þeirra samvinnufélaga sem eru að mestu leyti gagnkvæm⁽⁶⁰⁾. Því virðist sem að í málinu, sem hér liggur fyrir, megi draga í efa að sum samvinnufélaganna, sem hið tilkynnta kerfi tekur til, séu gagnkvæm að öllu leyti. Stór hluti starfsemi ákveðinna samvinnufélaga, sem kerfið tekur til, einkum samvinnufélaga neytenda, tengist t.d. ekki viðskiptum við félagsmenn heldur viðskiptum við aðra viðskiptamenn. Enn fremur verður virk aðild félagsmanna að rekstri og stjórnun samvinnufélags takmörkuð vegna stærðar sumra samvinnufélaga sem kerfið tekur til. Auk þess

⁽⁵⁸⁾ Kafli 2.1.1 í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um samvinnufélög.

⁽⁵⁹⁾ Sjá lið II-2.3.1 hér að framan.

⁽⁶⁰⁾ Þetta skilyrði gildir ekki um önnur samvinnufélög og Eftirlitsstofnun EFTA hefur engar upplýsingar um hvort kerfið muni taka til samvinnufélaga sem eru ekki að mestu leyti gagnkvæm og eru í öðrum atvinnugreinum.

virðist félagsaðild að miklu leyti vera sjálfvirk, að minnsta kosti að því er varðar samvinnufélög neytenda og húsnæðissamvinnufélög. Að mati eftirlitsstofnunarinnar er kerfinu því ekki ætlað að taka aðeins til samvinnufélaga þar sem gagnkvæmni er í fyrirrúmi.

Enn fremur verður að huga að því, í tengslum við mat á því hvort kerfið sé vel útfært til að ná fram markmiðinu á sviði sameiginlegra hagsmuna, hvort markstarfsemin hafi í för með sér viðbótarkostnað sem aðstoðin bætir upp. Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að stjórnvöld í Noregi hafi ekki afhent gögn sem geri stofnuninni kleift að meta til fjár, beint eða óbeint, þann kostnað sem fyrirtæki verður fyrir við að taka upp samvinnufélagsform. Þannig er útilokað að stofnunin geti metið hvort aðstoð sé nauðsynleg og í réttu hlutfalli við markmiðið sem stefnt er að.

Á hinn bóginn bendir stofnunin á að það sé jákvætt að samkvæmt tilkynningunni verði fyrirhugaður skattafrádráttur aðeins veittur vegna tekna sem verða til í viðskiptum við félagsmenn og í hliðstæðum viðskiptum. Enn fremur er gerð um það krafa í hinu tilkynnta kerfi, að haldið sé aðgreint bókhald fyrir viðskipti við félagsmenn og viðskipti við aðra aðila, til að samvinnufélög geti fengið aðstoð samkvæmt kerfinu.

Af ofangreindum ástæðum hefur stofnunin engu að síður efasemdir um að hið tilkynnta kerfi sé vel útfært til að ná fram markmiðinu á sviði sameiginlegra hagsmuna sem er að halda fast í samvinnufélagsformið, einkum þau samvinnufélög sem eru gagnkvæm að öllu leyti, með því að auðvelda þeim aðgang að eigin fé.

Engin röskun á samkeppni og viðskiptum á EES-svæðinu þannig að það stríði gegn sameiginlegum hagsmunum

Loks verður að meta hvort getan til að raska samkeppni og viðskiptum á Evrópska efnahagssvæðinu sé þess eðlis að fari í bága við sameiginlega hagsmuni.

Eftirlitsstofnun EFTA bendir á, að því er varðar hugsanlega röskun á samkeppni og viðskiptum, að flokka verði kerfið sem rekstraraðstoð þar eð það losi aðstoðarþega undan gjöldum sem fyrirtæki þurfi alla jafna að standa straum af við rekstur viðskiptastarfsemi sinnar, í þessu tilviki tekjuskatti fyrirtækja.

Aðeins í undantekningartilvikum getur rekstraraðstoð talist samrýmanleg EES-samningnum ef með henni er stuðlað að markmiði á sviði sameiginlegra hagsmuna sem að öðrum kosti væri ekki unnt að ná. Eftirlitsstofnunin veltir því fyrir sér hvort ekki hefði verið unnt að ná því markmiði stjórnvalda í Noregi að halda fast í fyrirtækjaform samvinnufélaga með því að auðvelda þeim aðgang að eigin fé með öðrum og hóflegri ráðstöfunum. Eftirlitsstofnunin leggur einkum áherslu á þá staðreynd að sum samvinnufélög, sem kerfið tekur til, séu stórfyrirtæki sem starfi á mörkuðum innan EES-svæðisins þar sem samkeppni er mikil.

Niðurstaða

Eins og þegar hefur verið tekið fram, telur Eftirlitsstofnun EFTA að kerfið sé miðað við vel skilgreint markmið á sviði sameiginlegra hagsmuna, að minnsta kosti að því leyti sem það beinist að hreinum, gagnkvæmum samvinnufélögum. Svo virðist hins vegar sem að ekki sé tiltekið að sum samvinnufélög séu í eðli sínu gagnkvæm að öllu leyti. Það er því álit eftirlitsstofnunarinnar að ekki sé unnt að líta svo á að aðstoðin sé mjög markviss. Að auki er eftirlitsstofnunin ekki í aðstöðu til að meta hvort aðstoð sé nauðsynleg og í réttu hlutfalli við markmiðið sem stefnt er að.

Á grundvelli ofangreindra atriða kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að jafnvel þótt markmið kerfisins geti talist vel skipulagt markmið á sviði sameiginlegra hagsmuna, hafi stjórnvöld í Noregi ekki sýnt fram á að jákvæð áhrif aðstoðarinnar muni vega þyngra en neikvæð áhrif hennar. Því er ekki unnt að líta svo á að kerfið samrýmis stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

5. Niðurstaða

Á grundvelli framangreinds mats, telur Eftirlitsstofnun EFTA hina tilkynntu skattundanhága fyrir ákveðin samvinnufélög vera ríkisaðstoð sem er ósamrýmanleg ríkisaðstoðarreglum EES-samningsins.

Eftirlitsstofnun EFTA vill leggja áherslu á að ákvörðun þessi, eins og fram kemur í lið II-1 hér að framan, gildir ekki um samvinnufélög á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs, að því leyti sem starfsemi þessara samvinnufélaga fellur utan gildissviðs ríkisaðstoðarreglna EES-samningsins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Áformað kerfi sem varðar skattundanhágur fyrir ákveðin samvinnufélög er ríkisaðstoð sem er ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins í skilningi 61. gr. þess samnings.

2. gr.

Hið tilkynnta kerfi má ekki koma til framkvæmda.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

4. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 23. júlí 2009.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Per Sanderud

Forseti

Kristján Andri Stefánsson

Stjórnarmaður

EFTA-DÓMSTÓLLINN

SKIPAN EFTA-DÓMSTÓLSINS

2011/EES/33/02

Per Christiansen hefur verið skipaður dómari við EFTA-dómstólinn samkvæmt tilnefningu norskra stjórnvalda og með einróma samþykki hinna þriggja aðila að samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól). Hann kemur í stað Henrik Bull sem hefur látið af störfum og gildir skipunin fyrir tímabilið 17. janúar 2011 til 16. janúar 2017. Hinn 13. janúar 2011 vann Per Christiansen fyrir opnum dyrum eð fyrir EFTA-dómstólnum eins og kveðið er á um í 2. gr. bókarinnar 5 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

EFTA-dómstóllinn

2011/EES/33/03

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

frá 17. desember 2010**í máli E-11/10**

Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein

(Vanefndir samningsaðila á skuldbindingum sínum – Tilskipun 2006/54/EB um framkvæmd meginreglunnar um jöfn tækifæri og jafna meðferð karla og kvenna að því er varðar atvinnu og störf)

Hinn 17. desember 2010 felldi dómstóllinn dóm í máli E-11/10, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein—Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að með því að setja ekki, innan tilskilins tíma, eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki, ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina, sem um getur í lið 21b í XVIII. viðauka við EES-samninginn, upp í landslög að öllu leyti, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/54/EB frá 5. júlí 2006 um framkvæmd meginreglunnar um jöfn tækifæri og jafna meðferð karla og kvenna að því er varðar atvinnu og störf (endurúttefningu), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, hafi Furstadæmið Liechtenstein vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 33. gr. þeirrar gerðar og 7. gr. EES-samningsins. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Þorgeir Örlygsson (framsögumaður) og Henrik Bull. Dómsorðin eru svofelld:

Dómstóllinn fellir eftirgreindan dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að Furstadæmið Liechtenstein hafi, með því að setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem eru nauðsynleg vegna lögtöku gerðarinnar sem um getur í lið 21b í XVIII. viðauka við EES-samninginn, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/54/EB frá 5. júlí 2006 um framkvæmd meginreglunnar um jöfn tækifæri og jafna meðferð karla og kvenna að því er varðar atvinnu og störf (endurúttefningu), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt fyrstu málsgrein 33. gr. gerðarinnar og 7. gr. EES-samningsins.
2. Furstadæmið Liechtenstein greiði málskostnað.

**Beiðni Statens helsepersonellnemnd dagsett 25. janúar 2011 um ráðgefandi álit
EFTA-dómstólsins í kærumáli A**

2011/EES/33/04

(Mál E-1/11)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf frá Statens helsepersonellnemnd (áfrýjunarnefnd norskra heilbrigðisstarfsmanna) dagsett 25. janúar 2011, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 31. janúar 2011, með beiðni um ráðgefandi álit í kærumáli A að því er varðar eftirtalið:

Er yfirvöldum í aðildarríkjum heimilt samkvæmt tilskipun 2005/36/EB eða öðrum EES-reglum að beita ákvæðum í landsrétti sem kveða á um rétt til að neita umsækjendum með ónóga faglega menntun og hæfi um starfsleyfi sem lækni eða veita þeim aðeins takmarkað starfsleyfi sem lækni, í þessu tilviki farandlaunþega frá öðru aðildarríki sem fullnægir formlega skilyrðum í tilskipun 2005/36/EB um rétt til gagnkvæmrar viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi (ótakmarkað starfsleyfi sem lækni), þegar starfsreynsla umsækjandans í Noregi hefur leitt í ljós ónóga faglega menntun og hæfi?

**Beiðni Verwaltungsgerichtshof des Fürstentums Liechtenstein dagsett 14. febrúar
2011 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Arnulf Clauder**

2011/EES/33/05

(Mál E-4/11)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf frá Verwaltungsgerichtshof des Fürstentums Liechtenstein (stjórnsýsludómstól Furstadæmisins Liechtensteins) dagsett 14. febrúar 2011, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 16. febrúar 2011, með beiðni um ráðgefandi álit í máli Arnulf Clauder að því er varðar eftirtalin atriði:

1. Ber að túlka tilskipun 2004/38/EB, einkum 1. mgr. 16. gr., sbr. 1. mgr. 7. gr., svo að borgara Sambandsins með fastan búseturétt, sem er eftirlaunaþegi og þiggur félagslegar bætur í gístiaðildarríkinu, sé heimilt að gera kröfu um sameiningu fjölskyldunnar, jafnvel þótt aðstandandinn muni einnig gera tilkall til félagslegra bóta?
2. Skiptir það máli fyrir svar við 1. spurningu hvort borgari Sambandsins með fastan búseturétt hafi verið launþegi eða sjálfstætt starfandi í gístiaðildarríkinu áður en hann komst á eftirlaunaaldur?
3. Skiptir það máli fyrir svar við 1. spurningu hvort aðstandandinn verði launþegi eða sjálfstætt starfandi í gístiaðildarríkinu og fái eigi að síður félagslegar bætur?

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2011/EES/33/06

(mál COMP/M.6206 – Iberdrola/Caja Rural de Navarra/Renovables de la Ribera)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. maí 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem spænska fyrirtækið Iberenova Promociones S.A. Unipersonal („Iberenova“), sem tilheyrir Iberdrola Group, og hið spænska Caja Rural de Navarra Sociedad Cooperativa de Crédito („Caja Rural de Navarra“) öðlast með hlutafjárkaupum í nýstofnuðu fyrirtæki í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í spænska fyrirtækinu Renovables de la Ribera, S.L. („Renovables de la Ribera“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Iberenova: fyrirtæki sem tilheyrir Iberdrola Group, sem annast framleiðslu, dreifingu og smásölu (markaðsfærslu) á rafmagni, svo og innkaup, dreifingu og sölu á jarðgasi
 - Caja Rural de Navarra: spænsk fjármálastofnun sem stundar útlán og innlán og veitir fjármála-fyrirtækjum, sem eru hluti af spænska fjármálakerfinu, algenga þjónustu
 - Renovables de la Ribera: rekur vindorkuver í Navarra-héraði á Spáni og stuðlar að framgangi þeirra
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 176, 16. júní 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6206 – Iberdrola/Caja Rural de Navarra/Renovables de la Ribera, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6229 – PAG/Mitsui/AMT JV)

2011/EES/33/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. júní 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japanska fyrirtækið Mitsui & Co., Ltd. („Mitsui“) og hið bandaríska Penske Automotive Group, Inc. („PAG“, sem lýtur sameiginlegum yferráðum Mitsui og hins bandaríska Penske Corporation), öðlast með hlutfjárkaupum í sameiningu yferráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í rússneska fyrirtækinu Company Alliance Motor Tyumen („AMT“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Mitsui: sala, dreifing, kaup, markaðssetning og afhending á vörum, þ.m.t.: járn og stál, málmar sem innihalda ekki járn, málmar, vélbúnaður, rafeindatæki, iðefni, hrávörur sem tengjast orku, svo og matvörur, smásala, lífstils- og neytendaþjónusta, sala á vélknúnum ökutækjum og vélhjólum, og varahlutir og aukabúnaður í vélknúin ökutæki og vélhjól, um heim allan
 - PAG: smásala á bifreiðum, nýjum og notuðum, viðhalds- og viðgerðaþjónusta og sala á vörum með mikla framlegð, þ.m.t. fjármála- og váttryggingaafurðir þriðja aðila, víðtækir þjónustusamningar þriðja aðila og ökutækjavörur vegna endurnýjunar og eftirmarkaðar
 - Penske Corporation: flutningaþjónustufyrirtæki sem starfar á mörgum sviðum, þ.m.t. smásala á vélknúnum ökutækjum, kaupleiga á flutningabifreiðum, flutningastjórnun, framleiðsla ihluta í samgöngutæki og akstursíþróttir
 - AMT: sala, viðhald og viðgerðir á Lexus bifreiðum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 174, 15. júní 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6229 – PAG/Mitsui/AMT JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6247 – KKR/Versatel)

2011/EES/33/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. júní 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið KKR Co L.P („KKR“) öðlast með hlutafjar kaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu Versatel AG („Versatel“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - KKR: margvísleg þjónusta á sviði eignastýringar utan almenns markaðar til markaðsfjárfesta, bæði opinberra aðila og einkaaðila, og fjármagnsmarkaðslausnir fyrir fyrirtækið, fyrirtæki í eignasafni þess og fyrir viðskiptavinum
 - Versatel: síma-, gagna- og internetþjónusta til fyrirtækja og heimila og heildsala á samtengingarþjónustu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 177, 17. júní 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6247 – KKR/Versatel, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2011/EES/33/09****(mál COMP/M.6277 – Access Industries/Warner Music Group)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. júní 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Access Industries, Inc. („Access“) öðlast með verðbréfakaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í bandaríska fyrirtækinu Warner Music Group Corp. („WMG“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Access: eignarhaldsfélög sem eiga einkum hlutdeild í náttúruauðlindum og íðefnum, fjarskiptum og fjölmiðlum og fasteignafyrirtækjum
 - WMG: tónlistarupptökur og tónlistarútgáfa, þ.m.t. markaðssetning og sala upptekinnar tónlistar og útáfa leyfa fyrir tónlistarútgáfu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 177, 17. júní 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6277 – Access Industries/Warner Music Group, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6279 – Toshiba/Landis+Gyr)

2011/EES/33/10

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. júní 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japanska fyrirtækið Toshiba Corporation („Toshiba“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í svissneska fyrirtækinu Landis+Gyr AG („Landis+Gyr“) og dótturfélögum þess.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Toshiba: starfar við framleiðslu og sölu margs konar hátækni rafeinda- og raftækja
 - Landis+Gyr: starfar við framleiðslu og sölu á rafmagns-, gas-, hita- og vatnsmælum fyrir veitufyrirtæki og neytendur. Mælarnir auka orkunýtingu og sjálfbæra notkun orkuauðlinda
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 176, 16. júní 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6279 – Toshiba/Landis+Gyr, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6282 – ERG/Lukoil/JV)**

2011/EES/33/11

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. júní 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítalska fyrirtækið ERG Renew („ERG Renew“), sem tilheyrir ERG Group, og rússneska fyrirtækið Lukoil Ecoenergo („Lukoil Ecoenergo“), sem tilheyrir Lukoil Group, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirlað, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í nýstofnuðu, sameiginlegu fyrirtæki („JV CO“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - ERG Renew: framleiðsla og heildsala á rafmagni frá endurnýjanlegum orkugjöfum, einkum á sviði vindorku
 - Lukoil Ecoenergo: starfar á sviði endurnýjanlegra orkugjafa
 - JV: framleiðsla og heildsala á rafmagni frá endurnýjanlegum orkugjöfum í Rúmeníu, Búlgaríu, Úkraínu og Rússlandi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 177, 17. júní 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6282 – ERG/Lukoil/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Auglýst eftir tillögum – EACEA/17/11

2011/EES/33/12

Áætlunin „Virk æska“

Stuðningskerfi fyrir ungmenni – Undiraðgerð 4.3

Að bæta námsferðir umsjónarmanna æskulýðsstarfs og stuðningur æskulýðsstarfs við atvinnulaus ungmenni

Markmiðið með þessari auglýsingu eftir tillögum er að styðja hreyfanleika og skipti umsjónarmanna æskulýðsstarfs til að þeir geti aflað sér nýrrar færni og hæfni og styrkt stöðu sína sem fagmenn á sviði æskulýðsmála. Með því að stuðla að því til lengri tíma að umsjónarmenn æskulýðsstarfs geti stundað nám í öðrum löndum, mun þessi nýja aðgerð einnig efla getu þeirra félaga sem koma að verkefningu og þau munu njóta góðs af þeirri reynslu og sýn sem umsjónarmaður æskulýðsstarfs með annan bakgrunn hefur. Þannig mun auglýsing þessi efla tengslamyndun milli æskulýðsfélaga í Evrópu og leggja sitt af mörkum til að ýta undir það forgangsstefnumál að styrkja starf með ungmennum sem þverfaglegt stefnumótunartæki í Evrópu, viðurkenna það og gera að sérstöku fagi.

Enn fremur skal með auglýsingu þessari hvatt til þess að mótuð verði ný nálgun eða aðferðir sem umsjónarmenn æskulýðsstarfs geti beitt til að aðstoða atvinnulaus ungmenni við að afla sér nauðsynlegrar þekkingar, færni og sjálfstrausts til að fara út á vinnumarkaðinn.

Um nánari upplýsingar um þessa auglýsingu vísast til *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*, C 165, 7.6.2011, bls. 7.

Umsóknir verða að berast á neðangreint pósthfang eigi síðar en 1. september 2011:

Education, Audiovisual and Culture Executive Agency
'Youth in Action' Programme – EACEA/17/11
BOUR 4/029
Avenue du Bourget/Bourgetlaan 1
1140 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Ítarlegar leiðbeiningar fyrir umsækjendur, umsóknareyðublöð og sérstakar reglur um fjármögnun er að finna á eftirfarandi vefslóð:

http://eacea.ec.europa.eu/youth/funding/2011/call_action_4_3_en.php

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar
Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til
sjúkdómsgreiningar í glasi**

2011/EES/32/12

(Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samræmdra staðla samkvæmt tilskipuninni)

Evrópsk staðla- samtök (1)	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Hefur ekki birst áður í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leyst- ur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræm- is staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN 556-1:2001 Dauðhreinsun lækningatækja – Kröfur sem lækningatæki verða að uppfylla til að þau megi merkja „DAUÐHREINSUÐ“ – 1. hluti: Kröfur sem gilda um endanlega dauðhreinsuð lækningatæki	31.7.2002	EN 556:1994 + A1:1998 Athugasemd 2.1	Liðinn (30.4.2002)
	EN 556-1:2001/AC:2006	15.11.2006		
CEN	EN 556-2:2003 Dauðhreinsun lækningatækja – Kröfur sem lækningatæki verða að uppfylla til að þau megi merkja „DAUÐHREINSUÐ“ – 2. hluti: Kröfur sem gilda um smitsæfð lækningatæki	9.8.2007		
CEN	EN 980:2008 Tákn sem fylgja lækningatækjum	23.7.2008	EN 980:2003 Athugasemd 2.1	Liðinn (31.5.2010)
CEN	EN ISO 11737-2:2009 Dauðhreinsun lækningatækja – Örverufræðilegar aðferðir – Hluti 2: Dauðhreinsunarprófanir við skilgreiningu, fullgildingu og viðhald á dauðhreinsunarferli (ISO 11737-2:2009)	7.7.2010		
CEN	EN 12322:1999 Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi – Gerlaeti fyrir örveru- fræði – Nothæfsviðmiðanir	9.10.1999		
	EN 12322:1999/A1:2001	31.7.2002	Athugasemd 3	Liðinn (30.4.2002)
CEN	EN ISO 13485:2003 Lækningatæki – Gæðastjórnunarkerfi – Kröfur til þess að samræmast reglugerðum (ISO 13485:2003)	2.4.2004	EN ISO 13488:2000 EN ISO 13485:2000 Athugasemd 2.1	Liðinn (31.7.2009)
	EN ISO 13485:2003/AC:2009	7.7.2010		
CEN	EN 13532:2002 Almennar kröfur varðandi lækningatæki sem ætluð eru til nota við sjálfsprófunargreiningar í glasi	17.12.2002		
CEN	EN 13612:2002 Nothæfismat á lækningatækjum til sjúkdómsgreininga í glasi	17.12.2002		
	EN 13612:2002/AC:2002	2.12.2009		
CEN	EN 13640:2002 Stöðugleikaprófun á prófunarefnum til nota við sjúkdómsgreiningar í glasi	17.12.2002		
CEN	EN 13641:2002 Útilokun eða minnkun áhættu á smiti í tengslum við prófunarefni til sjúkdómsgreiningar í glasi	17.12.2002		
CEN	EN 13975:2003 Sýnatökuaðferðir notaðar við samþykkisprófun lækningatækja til sjúkdómsgreiningar í glasi – Tölfræðilegir þættir	21.11.2003		
CEN	EN 14136:2004 Notkun ytri gæðamatsaðferða við árangursmat á skoðunar- og sjúk- dómsgreiningaraðferðum í glasi	15.11.2006		

Evrópsk staðla-samtök (¹)	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Hefur ekki birst áður í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN 14254:2004 Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi – Einnota ílát til töku á sýnum, öðrum en blóði, úr fólki	28.4.2005		
CEN	EN 14820:2004 Einnota ílát til töku á blóðsýnum úr bláæðum manna	28.4.2005		
CEN	EN ISO 14937:2009 Dauðhreinsun heilbrigðisvöru – Almennar kröfur um lýsingar á eiginleikum dauðhreinsiefnis og þróun, sannpröfun og almennt eftirlit með dauðhreinsunarferli fyrir lækningatæki (ISO 14937:2009)	7.7.2010	EN ISO 14937:2000 Athugasemd 2.1	Liðinn (30.4.2010)
CEN	EN ISO 14971:2009 Lækningatæki – Notkun áhættustýringar í tengslum við lækningatæki (ISO 14971:2007, leiðrétt útgáfa 2007-10-01)	7.7.2010	EN ISO 14971:2007 Athugasemd 2.1	Liðinn (21.3.2010)
CEN	EN ISO 15193:2009 Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi – Mæling á magni í sýnum af lífrænum uppruna – Kröfur varðandi innihald og framsetningu tilvísunarmæliaðferða (ISO 15193:2009)	7.7.2010		
CEN	EN ISO 15194:2009 Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi – Mæling á magni í sýnum af lífrænum uppruna – Kröfur varðandi vottuð viðmiðunarefni og innihald stuðningsgagna (ISO 15194:2009)	7.7.2010		
CEN	EN ISO 15197:2003 Kerfi til greiningarprófunar í glasi – Kröfur varðandi blóðglúkósa-vöktunarkerfi til nota við sjálfspröfun til þess að hafa stjórn á sykursýki (ISO 15197:2003)	28.4.2005		
	EN ISO 15197:2003/AC:2005	2.12.2009		
CEN	EN ISO 17511:2003 Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi – Mæling á magni í lífrænum sýnum – Mælifræðilegur rekjanleiki gilda sem tiltekin eru fyrir kvörðunartæki og samanburðarefni. (ISO 17511:2003)	28.4.2005		
CEN	EN ISO 18113-1:2009 Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi – Upplýsingar frá framleiðanda (merking) – Hluti 1: Hugtök, skilgreiningar og almennar kröfur (ISO 18113-1:2009)	7.7.2010		
CEN	EN ISO 18113-2:2009 Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi – Upplýsingar frá framleiðanda (merking) – Hluti 2: Prófefni til sjúkdómsgreiningar í glasi til nota í atvinnuskyni (ISO 18113-2:2009)	7.7.2010	EN 375:2001 Athugasemd 2.1	31.12.2012
CEN	EN ISO 18113-3:2009 Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi – Upplýsingar frá framleiðanda (merking) – Hluti 3: Tæki til sjúkdómsgreiningar í glasi til nota í atvinnuskyni (ISO 18113-3:2009)	7.7.2010	EN 591:2001 Athugasemd 2.1	31.12.2012
CEN	EN ISO 18113-4:2009 Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi – Upplýsingar frá framleiðanda (merking) – Hluti 4: Prófefni til sjúkdómsgreiningar í glasi til sjálfsprófunar (ISO 18113-4:2009)	7.7.2010	EN 376:2002 Athugasemd 2.1	31.12.2012
CEN	EN ISO 18113-5:2009 Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi – Upplýsingar frá framleiðanda (merking) – Hluti 5: Tæki til sjúkdómsgreiningar í glasi til sjálfsprófunar (ISO 18113-5:2009)	7.7.2010	EN 592:2002 Athugasemd 2.1	31.12.2012

Evrópsk staðla-samtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Hefur ekki birst áður í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN ISO 18153:2003 Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi – Mæling á magni í lífrænum sýnum – Mælifræðilegur rekjanleiki gilda sem tiltekin eru fyrir hvatastyrk ensíma í kvörðunartækjum og samanburðarefnum. (ISO 18153:2003)	21.11.2003		
CEN	EN ISO 20776-1:2006 Klínískar prófanir í tilraunastofum og prófunarkerfi til nota við sjúkdómsgreiningar í glasi – Næmniþrófun á smitefnum og mat á skilvirkni tækja til prófunar á næmni gegn örverueyðandi efnum – Hluti 1: Samanburðaraðferð til prófunar í glasi á virkni örverueyðandi efna gegn hratt vaxandi loftháðum bakteríum sem eiga þátt í að valda smitsjúkdómum (ISO 20776-1:2006)	9.8.2007		
Cenelec	EN 61010-2-101:2002 Öryggiskröfur um rafmagnsbúnað til mælinga, eftirlits og notkunar á rannsóknarstofu – Hluti 2-101: Sérstakar kröfur varðandi lækningatæki til nota við sjúkdómsgreiningar í glasi (IVD) IEC 61010-2-101:2002 (Breytt)	17.12.2002		
Cenelec	EN 61326-2-6:2006 Rafbúnaður til nota við mælingar, stýringu og á rannsóknarstofum – Kröfur um rafsegulsviðssamhæfi – Hluti 2-6: Sérstakar kröfur – Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi IEC 61326-2-6:2005	27.11.2008		
Cenelec	EN 62304:2006 Hugbúnaður í lækningatæki – Líftímaferlar hugbúnaðar IEC 62304:2006	27.11.2008		
	EN 62304:2006/AC:2008	18.1.2011		
Cenelec	EN 62366:2008 Lækningatæki – Notkun nytsemisverkfræði í tengslum við lækningatæki IEC 62366:2007	27.11.2008		

⁽¹⁾ CEN: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, BELGIUM, sími +32 25500811, bréfasími +32 25500819 (<http://www.cen.eu>)
CENELEC: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, BELGIUM, sími +32 25196871, bréfasími +32 25196919 (<http://www.cenelec.eu>)
ETSI: 650, route des Lucioles, F-06921 Sophia Antipolis, FRANCE, sími +33 492944200, bréfasími +33 493654716 (<http://www.etsi.eu>)

Athugasemd 1: Síðasti dagur ætlaðs samræmis er yfirleitt sami dagur og afturköllunardagurinn (date of withdrawal eða „dow“) sem evrópsku staðlasamtökin ákveða, en athygli notenda þessara staðla skal vakin á að sérstakar undantekningar geta verið frá þessu.

Athugasemd 2.1: Nýi (eða breytti) staðallinn hefur sama gildissvið og sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar.

Athugasemd 2.2: Nýi staðallinn hefur rýmra gildissvið en sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar.

Athugasemd 2.3: Nýi staðallinn hefur þrengra gildissvið en sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi (að hluta), að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar að því er varðar vörur sem falla undir gildissvið nýja staðalsins. Ætlað samræmi við grunnkröfur tilskipunarinnar gildir óbreytt að því er varðar vörur sem falla áfram undir gildissvið staðalsins sem leystur er af hólmi (að hluta) en ekki undir gildissvið nýja staðalsins.

Athugasemd 3: Þegar breytingar eru gerðar er vísað til staðalsins með númerinu EN CCCC:YYYY ásamt eldri breytingum, ef einhverjar eru, og nýju breytingunni. Staðallinn, sem leystur er af hólmi (3. dalkur), er því EN CCCC:YYYY ásamt áorðnum breytingum, ef einhverjar eru, en án nýju breytingarinnar. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar.

ATHUGIÐ:

- Upplýsingar um hvernig nálgast má staðlana fást hjá evrópsku staðlasamtökunum eða staðlastofnunum einstakra ríkja sem taldar eru upp í viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB ⁽¹⁾, með áorðnum breytingum skv. tilskipun 98/48/EB ⁽²⁾.
- Evrópsk staðlasamtök gefa samhæfða staðla út á ensku (Staðlasamtök Evrópu, CEN, og Rafstaðlasamtök Evrópu, CENELEC, gefa staðla sína einnig út á frönsku og þýsku). Heiti samhæfðra staðla eru síðan þýdd á öll önnur tilskilin opinber tungumál Evrópska efnahagssvæðisins og fer þýðingin fram á vegum staðlastofnunar hvers lands. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ábyrgist ekki að staðlaheiti, sem borist hafa til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, séu rétt.
- Þótt tilvísunarnúmer staðla séu birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* merkir það ekki að þeir séu til á öllum tungumálum Evrópska efnahagssvæðisins.
- Þessi skrá kemur í stað annarra slíkra sem birst hafa í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur uppfærslu hennar með höndum.

Nánari upplýsingar um samræmda staðla er að finna á eftirfarandi vefslóð: http://ec.europa.eu/enterprise/policies/european-standards/harmonised-standards/index_en.htm

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18.